Íþróttafélag Reykjavíkur

Stofnað 1907

Starfsskýrsla 2019-2020

og ársreikningur fyrir starfsárið 2019

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns ÍR. 4
Skýrsla Aðalstjórnar ÍR 6
Fjölnotahús ÍR tilbúið 9
Helstu viðburðir á vegum ÍR 2019 og 2020 12
29. verðlaunahátíð ÍR 12
Frjálsíþróttadeild ÍR 16
Fimleikar 17
Íslandsmet á árinu 19
Landslið, úrvals- og stórmótahópur FRÍ 19
Handknattleiksdeild ÍR 23
„Fordæmalausa“ Tímabilið 24
Aðstaðan 24
Sjálfboðaliðar og starfið í kringum deildina 24
Júdódeild ÍR 26
Starfsemin/æfingar/útbreiðslustarf 26
Karatedeild ÍR ÁRSSKÝRSLA 2019 28
Gróskumikið karatestarf hjá ÍR 28
Keiludeild ÍR 29
Keilarar ÍR 2019 30
Viðurkenningar til félaga í keiludeild ÍR 2019 31
Barna- og unglingastarf og þjálfaramál 36
Knattspyrnudeild ÍR 39
Ársskýrsla stjórnar 2019 - 2020 39
Barna og unglingaráð 39
Iðkendur 39
Körfuknattleiksdeild ÍR 43
Starfsemin: 43
Fjármál: 43
Skíðadeild ÍR – 46
Íþróttafólk Skíðadeildarinnar 2019 48
Taekwondodeild ÍR 49
Árangur á mótum 2019-2020 49
Magnúsarsjóður 51
Lög Íþróttafélags Reykjavíkur 54
Ársreikningar Íþróttafélags Reykjavíkur fyrir árið 2019- 2020 60

Ávarp formanns ÍR.

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) skipar stórt hlutverk í samfélaginu í Breiðholti og í raun á öllu stór Reykjavíkursvæðinu. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að ná til barna og unglinga, tryggja framúrskarandi þjálfun og góða aðstöðu til íþróttaiðkunar sem veitir einstaklingum tækifæri að þróast og eflast sem íþróttafólk. ÍR sinnir lykilhlutverki í heilsueflingu og stuðlar að heilbrigði og hamingju einstaklinga.

Félagsmenn hafa undanfarin fjögur ár sýnt mér mikið traust með því að kjósa mig sem formann aðalstjórnar. Þegar þetta er skrifað þá hef ég setið í aðalstjórn félagsins í næstum átta ár. Árin hafa öll verið mjög viðburðarík en jafnframt skemmtileg og er ekki hægt að segja annað en starfsárið 2019 til 2020 hafi verið lærdómsríkt, mjög krefjandi og á köflum erfitt hjá okkur sem sitjum í aðalstjórn félagsins.
Í lok árs 2019 kom upp erfitt mál en stjórnarmenn stóðu þétt saman ásamt góðum hópi starfsmanna félagins og sjálfboðaliðum úr deildunum. Við úrvinnslu á málinu kom í ljós hversu öfluga liðsheild ÍR hefur að skipa, og skipti þá ekki máli úr hvaða íþróttadeild aðilar komu því allir voru tilbúnir að aðstoða. Allar stjórnir félagsins eru mannaðar að sjálfboðaliðum sem þýðir að engir af þeim aðilum sem sitja þar þiggja laun fyrir ómetanleg störf sín við að stýra félaginu, deildum, barna- og unglingastarfi, afreksíþróttum eða meistaraflokkum. Það að starfa sem sjálfboðaliði í íþróttafélagi er gefandi þótt að oft blási hressilega á þá sem standa í fremstu línu við að halda úti íþróttastarfinu. Mikilvægt er að traust sé á milli manna og að komið sé fram af heilindum og fagmennsku.

Stór þáttur í starfi aðalstjórnar ÍR er að tryggja rekstrar- og aðstöðumál og samningagerð við Reykjavíkurborg og/eða Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR). Bætt aðstaða og mannvirkjamál hefur tekið stóran skerf af starfi flestra aðalstjórna félagsins allt frá árinu 1915. Í upphafi árs 2017 var skrifað undir langþráðan samning við Reykjavíkurborg um byggingu mannvirkja á svæði félagsins í Suður Mjódd og áframhaldandi rekstur á íþróttahúsunum í Breiðholti. Samningurinn hefur nú þegar fært félaginu frjálsíþróttavöll og fjölnota hús í Suður Mjódd sem mun gjörbreyta starfi deilda ÍR. Mannvirkin færa iðkendur úr deildum félagsins saman og gefur öllum þ.e. iðkendum, forsvarsmönnum, þjálfurum og sjálfboðaliðum betri innsýn í hversu stórbrotið starf er unnið hjá félaginu.

Hafin er bygging á íþróttahúsi við hlið fjölnota knatthússins sem mun hýsa handbolta- og körfuboltadeild félagsins. Fljótlega verður svo hafist handa við að reisa hús fyrir fimleika- og bardagadeildir. Ekki hefur enn tekist að ná samningi við borgina um aðstöðu fyrir iðkendur keiludeildar félagsins en það er von okkar í aðalstjórn og deildarinnar að keilusal verði komið fyrir í tengibygginu milli húsanna. Keilusalur þar myndi án efa efla íþróttina í Reykjavík til muna og einnig er áhugavert að geta boðið eldri borgurum sem fer fjölgandi í nágrenni ÍR upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun í Breiðholtinu.

Mikið reyndi á stjórnir deilda félagsins á árinu 2019 sem og 2020, þá sérstaklega við öflun fjármagns til að halda úti afreksstarfi og meistaraflokkum. Illa gekk að sækja styrki til fyrirtækja og eins hefur sjálfboðaliðum í kringum starfið fækkað verulega. Ekki batnaði ástandið í byrjun árs 2020 þegar smit vegna Covid-19 veirunnar skall á heimsbyggðina. Allt íþróttastarf lamaðist svo í mars þegar samkomubann var sett á, loka þurfti öllum íþróttahúsum og mannvirkjum ÍR og algjöru æfinga – og leikjabanni var komið á. Mörg

fyrirtæki drógu sig alveg út úr styrktarsamningum sem kom mjög hart niður á fjárhag stærstu deilda félagsins.

Í upphafi árs 2019 ákvað ég að komin væri tími til að stiga til hlíðar, gefa ekki kost á mér áfram sem formaður og leyfa öðrum að taka við. En sökum ástandsins sem skapaðist vegna heimsfaraldurs, þar sem sett voru á samskiptabönn og alls konar takmarkanir ákvað ég að sitja til næsta aðalfundar vor 2021 enda tókst okkur ekki að halda aðalfund á árinu. Það er von mín að félagsmenn sýni ákvörðun aðalstjórnar skilning og mæti á aðalfund 2021 þegar haldin verður tvöfaldur fundur þ.e. fyrir árið 2019 og 2020.

Ég vil þakka öllu því góða fólki sem unnið hefur með mér síðustu ár.

Ég veit að framtíð ÍR er björt. Svæði félagsins í Suður Mjódd er að verða eitt flottasta íþróttasvæði á Íslandi og ég hlakka til að halda áfram að fylgjast með brosandi iðkendum á öllum aldri njóta alls þess sem ÍR hefur upp á að bjóða.

Virðingarfyllst

Ingigerður Guðmundsdóttir (Inga), formaður aðalstjórnar ÍR.

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÍR

STARFSÁRIÐ 2019- 2020

AÐALSTJÓRN OG STARFSEMI

Aðalfundur ÍR var haldinn 2. júní 2019 í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12. Kosið var í aðalstjórn sem hér segir: Ingigerður Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður, aðrir kjörnir í aðalstjórn voru Sigurður Albert Ármannsson, Reynir Leví Guðmundsson, Addý Ólafsdóttir, Rúnar G. Valdimarsson, Kristín Steinunn Birgisdóttir og Lísa Björg Ingvarsdóttir. Tvær síðastnefndu komu nýjar inn í stjórn.

Stjórn skipti með sér verkum þannig að Addý Ólafsdóttir var varaformaður, Reynir Leví gjaldkeri og Sigurður Albert ritari. Rúnar, Kristín Steinunn og Lísa Björg voru meðstjórnendur. Ómar Kristjánsson frá Íslenskum endurskoðendum var kosinn endurskoðandi félagsins.
Á starfstíma stjórnar voru haldnir 17 bókaðir stjórnarfundir.

STARFSFÓLK ÍR

Á liðnu starfsári störfuðu eftirfarandi starfsmenn hjá félaginu í Skógarseli: Árni Birgisson starfaði sem framkvæmdastjóri fram í nóvember 2019. Hrafnhild Hermóðsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri félagsins eftir barneignarleyfi eftir að hafa áður gengt stöðu íþróttastjóra. Ísleifur Gissurarson tók við stöðu íþróttastjóra í júní 2019. Guðrún Grímsdóttir gegnir stöðu bókara félagsins. Brynja Guðmundsdóttir gegnir stöðu innheimtufulltrúa. Jakob Hallgeirsson gegnir stöðu rekstrarstjóra mannvirkja. Kristinn Bjarnason tók við nýrri stöðu vallarstjóra félagsins í byrjun sumars 2019.
Guðmunda Ólafsdóttir gegndi tímabundið stöðu verkefnastjóra félagsins frá ársbyrjun 2020 til loka júnímánaðar.

Auk þessara starfsmanna starfaði í fullu starfi fólk við húsvörslu í öllum íþróttahúsum félagsins sem eru ÍR-heimilið í Skógarseli, íþróttahúsið við Austurberg og íþróttahús Breiðholtsskóla og Seljaskóla.
Starfsmenn íþróttahúsa ÍR
Austurberg: Emir Dervic, Oddný H Helgadóttir, Dusko Veselinovic
Breiðholtsskóli:Björn Þorláksson 50% staða veturinn 19/20, Gísli Fannar Vilborgarson 50% staða veturinn 19/20, Salma Becic, Friðrik Jósepsson Hætti 31.06.20 vegna aldurs. Valdimar Stefán Hólmsteinsson Byrjaði 15.08.20
ÍR-Heimili:
Guðjón Helgi Guðjónsson, Anna Brá Bjarnadóttir, Valdimar Stefán Hólmsteinsson Færður í Breiðholtsskóla 15.08.20,
Seljaskóli: Zdravko Boloban, Elísabet Benediktsdóttir, Svanur Fannar Valentínusson

Einnig störfuðu á annað hundrað manns við þjálfun hjá deildum, við sumarstörf á völlum eða

á sumarnámskeiðum félagsins. Auk starfsmanna félagsins starfaði á vegum deildanna mikill fjöldi sjálfboðaliða í margvíslegum verkefnum fyrir félagið. Sjálfboðaliðar sinna allri stjórnarsetu og skipa nefndir innan deilda félagsins. Einnig sjá sjálfboðaliðar um mótahald og önnur verkefni sem falla til og sérsambönd gera kröfur um.

FUNDIR MEÐ DEILDUM OG AÐALFUNDIR DEILDA

Húsanefnd félagsins hittist sjö sinnum á starfsárinu en í þeirri nefnd sitja fulltrúar stærstu deildanna, þ.e. frjálsra íþrótta, knattspyrnu, handbolta og körfubolta. Þau voru:
Margrét Héðinsdóttir
Hlynur Elísson
Elvar Guðmundsson
Sturla Ásgeirsson
Jakob Hallgeirsson
Aðalfundir deilda ÍR voru haldnir á tímabilinu 8. júní – 18. ágúst 2020.

REKSTUR FÉLAGSINS OG DEILDA

Starfsemi félagsins var með mjög óvenjulegum hætti þetta starfsár vegna Covid veirunnar sem hefur sett mark sitt á allt samfélagið og þar með íþróttastarf frá því um miðjan mars.

REKSTUR ÍÞRÓTTAHÚSA OG VALLA

Eins og undanfarin ár sá ÍR um rekstur íþróttahúsa við Austurberg, Seljaskóla og Breiðholtsskóla til viðbótar við félagsheimili félagsins við Skógarsel 12. Rekstur valla tók nokkrum breytingum þegar ráðið var í stöðu vallarstjóra, en Kristinn Bjarnason tók við því starfi í byrjun sumars 2019. Síðan þá hafa málefni valla félagsins verið á herðum hans en til viðbótar við þá velli sem fyrir eru bætist nýr frjálsíþróttavöllur ÍR við þegar framkvæmdum lýkur þar vor 2021. Nú þegar er ÍR búið að taka við grasvellinum innan hlaupabrautar á þeim velli. ÍR tók við rekstri nýs fjölnota íþróttahúss í Skógarseli í byrjun september 2020 og starfsemi þar er hafin.

IÐKENDUR OG ÆFINGAGJÖLD

Skráðir iðkendur árið 2019 voru 2.053 í þeim tíu íþróttagreinum sem félagið býður upp á. Skráður iðkendafjöldi var sem hér segir:

Fimleikar	76
Frjálsíþróttir	383
Handknattleikur	320
Júdó	33
Karate	70
Keila	206
Knattspyrna	536
Körfubolti	283
Skíði	57
Taekwondo	89

Að auki var eftirfarandi starfsemi í gangi á vegum aðalstjórnar ÍR:

2019
- Um 260 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti.
- 190 börn tóku þátt í Íþróttaskóla ÍR 2-5 ára.
- 192 börn tóku þátt í Sumargaman ÍR, sumarnámskeið 6-9 ára barna.
- Á bilinu 30-40 eldri borgarar mætta tvisvar í viku í verkefnið „Hreyfing eldri borgara“.

2020
- Um 260 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti
- 180 börn tóku þátt í Íþróttaskóla ÍR 2-5 ára.
- 192 börn tóku þátt í Sumargaman ÍR, sumarnámskeið 6-9 ára barna.
- Á bilinu 40-45 eldri borgarar mæta tvisvar í viku í verkefnið „Hreyfing eldri borgara“.

SUMARNÁMSKEIÐ ÍR

Sumarnámskeið á vegum aðalstjórnar ÍR var rekið með svipuðum hætti sumrin 2019 og 2020 og gert hefur verið undanfarin ár. Námskeiðið ber heitið „Sumargaman ÍR“ og samanstendur af níu vikulöngum leikjanámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára. Boðið er upp á heilan dag eða hálfan og val um kaup á heitum hádegismat. Leiðbeinendur og stjórnendur fara svo með börnin í fjölbreyttar vettvangsferðir, leiki og ýmsar æfingar á ÍR-svæðinu. Til viðbótar við sumarnámskeið aðalstjórnar standa deildir oft á tíðum fyrir eigin námskeiðum og sumrin 2019 og 2020 voru í boði bæði knattspyrnuskóli og körfuboltanámskeið fyrir krakka.

ÞORRABLÓT ÍR

Þorrablót ÍR var haldið í áttunda sinn í íþróttahúsi Seljaskóla laugardaginn 18. janúar 2020. Sjá nánar undir viðburðum.

KYNNINGAR OG UPPLÝSINGAMÁL

BREIÐHOLTSBLAÐIÐ

Fréttir af starfi ÍR eru sendar inn mánaðarlega frá skrifstofu og deildum til birtingar í Breiðholtsblaðinu. Blaðið er mikilvægur miðill fyrir íbúa hverfisins sem fá fréttaflutning af því sem gerist í Breiðholtinu, þar á meðal af íþróttastarfi ÍR.

SIDELINE (XPS NETWORK)

Í lok árs 2019 gerðu handknattleiks-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild samning við hugbúnaðarfyrirtækið Sideline um notkun á upplýsingaforriti þeirra. Sideline er nýtt til að veita foreldrum og iðkendum félagsins upplýsingar um æfingar, leiki og aðra viðburði innan viðkomandi flokks. Þjálfarar nýta einnig Sideline til að stýra æfingum og fylgjast með mætingum og virkni iðkenda. Enn fremur nýtir skrifstofa félagsins forritið til að fylgjast með og ýta eftir skráningum iðkenda inn í deildir félagsins. Gerður var þriggja ára samningur við Sideline og ríkir almennt mikil ánægja með útfærslur þess og þjónustu.

ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR

Unnið hefur verið undanfarin ár í samræmi við samning ÍR og Reykjavíkurborgar sem undirritaður var þann 31. janúar 2017 um uppbyggingu á aðstöðu félagsins. Frá seinasta aðalfundi félagsins hefur mikið verk unnist og ber þar hæst að nefna opnun nýs fjölnotahúss fyrir frjálsar íþróttir og knattspyrnu í Skógarselinu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ KNATTSPYRNUVÖLL OG BÚNINGSKLEFA MEISTARAFLOKKA

Þegar COVID-faraldurinn gekk í garð skapaðist tími og tækifæri til að lagfæra búningsklefa meistaraflokka í knattspyrnu og gerðu leikmenn og þjálfarar það sjálfir með aðstoð Kristins vallastjóra. Veggir voru málaðir og myndskreyttir og bekkir bólstraðir á meðan ekki var hægt að nýta klefana undir hefðbundnar æfingar og leiki.

Völlurinn fékk einnig upplyftingu nú sl. sumar þegar sett voru stór og myndarleg skilti fyrir aftan bæði mörk vallarins sem skarta bæði ÍR-merkinu. Vinnan var unnin með umhverfisvænum hætti þar sem gömul og úrelt auglýsingaskilti voru endurnýtt og máluð en það var Kristinn vallastjóri sjálfur sem sá um að myndskreyta skiltin.

FRAMKVÆMDIR Í MÓTTÖKU OG BÚNINGSKLEFUM Í AUSTURBERGI

Í Austurbergi voru leikmenn og sjálfboðaliðar einnig framtakssamir í samkomubanninu á vormánuðum þessa árs. Farið var í að mála og myndskreyta vegg í móttöku áhorfenda og fjölluðu fjölmiðlar m.a. um þær framkvæmdir. Einnig tók meistaraflokkur karla sig til og málaði og skreytti búningsklefann sinn með stakri prýði.

FRAMKVÆMDIR VIÐ VALLARHÚS OG NÝJAN FRJÁLSÍÞRÓTTAVÖLL ÍR

Þrátt fyrir að mikil gleði sé með framkvæmdir á ÍR-svæðinu almennt þá hefur framkvæmdasaga nýja frjálsíþróttavallar félagsins verið þyrnum stráð svo ekki sé kveðið fastar að orði, og enn hefur ekki tekist að ljúka gerð vallarins. Reykjavíkurborg sér alfarið um framkvæmdirnar. Vallarhúsið er tilbúið og er það hið glæsilegasta mannvirki með aðstöðu fyrir stórmót og geymslu búnaðar. Hins vegar er enn beðið eftir að hlaupabraut vallarins verði kláruð en þar verður að endurleggja malbiksundirlag og svo leggja yfirlagsefnið. Borgarstjóri hefur gefið góð orð um að því verki verði lokið snemma vors 2021.

FJÖLNOTAHÚS ÍR TILBÚIÐ

Stórt skref í sögu félagsins var stigið þann 4. september 2020 þegar nýtt fjölnotahús félagsins var vígt af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra Reykjavíkur og Ingigerði Guðmundsdóttur formanni ÍR.

Fulltrúar ÍR í byggingarnefnd hússins voru þeir Runólfur Bjarki Sveinsson og Sturla Ásgeirsson sem unnu þar ómetanlegt starf af fagmennsku og metnaði við að tryggja hagsmuni félagsins. Nýja húsið er alls um 5.300 m^2 að stærð og rúmar hálfan knattspyrnuvöll og frjálsíþróttasvæði með tartan gerviefni. Þar er einnig stökkgryfja og rými fyrir ýmsar tæknigreinar í frjálsum íþróttum. Einnig er stór salur sem mun hýsa lyftingasal félagsins sem iðkendur á afreksstigi geta nýtt sér. Geymslur og salerni eru í húsinu ásamt tveimur búningsklefum. Á annari hæð hússins er einnig mikill og langur salur sem verður nýttur sem félagsaðstaða fyrir allar deildir ÍR, ásamt því að þar geta foreldrar fylgst með æfingum barna sinna gegnum gler.
Frekari hugmyndir um nýtingu þess rýmis eru enn í mótun.

AÐSTAÐA FYRIR SJÁLFSVARNARÍÞRÓTTIR

Undir merkjum ÍR eru starfræktar þrjár tegundir sjálfsvarnaríþrótta, Júdó, Karate og Taekwondo. Júdó og taekwondo æfingar fara eingöngu fram í Skógarseli í íþróttasal ÍR-heimilis en karateæfingar fara að mestu fram í Austurbergi en þó að hluta í ÍR-heimili. Aðstaða þessara deilda mun taka breytingum til hins betra þegar lyftingasalur félagsins færist úr ÍR-heimili í nýja fjölnotahúsið og þá losnar um gólfpláss í íþróttasalnum á jarðhæð aðalhúss í Skógarseli.

NÝTT PARKETHÚS ÍR Í BYGGINGU Í SKÓGARSELI

Nú í lok sumarsins 2020 hófst næsti áfangi framkvæmda á ÍR-svæðinu í Skógarseli þegar tekin var fyrsta skóflustunga að fyrir nýju parkethúsi félagsins.
Húsið mun taka við hlutverki keppnishúss handbolta og körfubolta í meistaraflokkum ásamt því að verða æfinga- og íþróttamiðstöð yngri iðkenda í fleiri greinum. Áætlað er að bygging hússins taki tvö ár. jóst er að framundan eru stórkostlegar breytingar á félagssvæðinu.

Að baki bygginga eins og nú er lokið og nýjar að hefjast liggur ótrúlega mikil vinna starfsmanna og aðalstjórnar, en fyrst og fremst formanns ÍR. Öllum málum í sambandi við byggingu

frjálsíþróttavallar, knatthúss og nú parkethúss hefur þurft að vinna fylgi, og undirbúa í góðri sátt og samstarfi við borgarstjóra og embættismenn borgarinnar. Síðan þegar stungið er niður skóflu – fyrsta skóflustungan tekin að nýrri byggingu, þá liggur að baki því verki ótrúlegur fjöldi vinnustunda bæði hjá launuðum starfsmönnum borgarinnar og ekki síður hjá ólaunuðum sjálfboðaliðum sem koma að undirbúningi sem fulltrúar ÍR.
Núverandi formaður og aðrir fulltrúar ÍR s.s. í byggingarnefnd hafa um árabil lagt hart að sér við eftirfylgni þessara verkefna og árangur þeirrar vinnu verður smám saman ljós. Nú í sumarlok 2020 er byggingu knatthúss lokið, frjálsíþróttavöllur klárast vor 2021 og parkethús er áætlað að klárist 2022. Allt eru þetta langþráðar aðstöðubætur sem félagið er að fá vegna mikillar framsýni og velvilja borgaryfirvalda en eru jafnframt viðurkenning á mikilvægi félagsins um um leið og þær undirstrika væntingar borgarinnar um áframhaldandi öflugt starf ÍR fyrir samfélagið í Breiðholti

SAMSTARFSVERKEFNI ÍR Í BREIÐHOLTI

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

ÍR er aðili að verkefninu Heilsueflandi Breiðholt sem gengur út á að efla hreyfingu, bæta næringu, lífsstíl og líðan Breiðholtsbúa. Meginhlutverk ÍR er að vinna áfram að fjölbreyttu framboði hreyfingar og þátttöku í frístundastarfi fyrir alla aldurshópa í Breiðholti og efla starf deildanna í öllum áhersluþáttum verkefnisins.

ÍÞRÓTTAVERKEFNI ÍR OG LEIKSKÓLANNA

Íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna var áfram starfrækt á árinu 2019 og á vormánuðum 2020 en alls taka ellefu leikskólar þátt í verkefninu, þar af sex í Bakka- og Seljahverfi og fimm í Fella- og Hólahverfi. Með styrkveitingu úr opinberum sjóðum og frá Reykjavíkurborg er hægt að bjóða upp á þátttöku í verkefninu án endurgjalds. Þjálfari á vegum ÍR fer á milli íþróttahúsa í grennd við leikskólana þar sem hver hópur fær einn tíma í viku þar sem markmiðið er að þjálfa hreyfifærni barna á leikskólaaldri með skemmtilegum æfingum. Þjálfari verkefnisins er Sigfús Ómar Höskuldsson.

SAMSTARFSSAMNINGAR OG STYRKIR

MAGNÚSARSJÓÐUR

Úthlutun styrkja til ÍR-inga úr Magnúsarsjóði fór fram á aðalfundi félagsins 2. júní 2019 og varð það í tólfta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls bárust 22 umsóknir frá sjö deildum en fagnefnd skipuð af aðalstjórn fór yfir umsóknirnar og gerði tillögu til aðalstjórnar um úthlutun. Alls var úthlutað styrkjum að upphæð 1.150.000,- sem skiptist til eftirfarandi deilda:

Frjálsíþróttadeild – vegna endurmenntunar þjálfara og afreksfólks deildar.
Karatedeild – vegna endurmenntunar þjálfara og afreksfólks deildar.
Keiludeild – til þátttöku í Evrópumótaröð.
Júdódeild – til afreksuppbyggingar iðkenda.
Fimleikadeild – til endurmenntunar þjálfara.
Skíðadeild – til keppni og æfinga erlendis.
Körfuknattleiksdeild - til styrktar unglingalandsliðsmanni.

STYRKVEITINGAR ÚR OPINBERUM SJÓÐUM

Styrkir fengust frá Lýðheilsusjóði, Verkefnasjóði ÍBR, Íþróttasjóði ríkisins, Samfélagssjóði Landsbankans og Hverfasjóði Breiðholts til framkvæmdar á margvíslegum verkefnum félagsins.

HELSTU VIÐBURÐIR Á VEGUM ÍR 2019 OG 2020

104. VÍÐAVANGSHLAUP ÍR

Víðavangshlaup ÍR, í umsjá frjálsíþróttadeildar var haldið í 104 sinn á sumardaginn fyrsta 25. apríl 2019. Boðið var upp á tvær vegalengdir, 5 km hlaup og 2,7 km skemmtiskokk. Hátt í 600 hlauparar á öllum aldri tóku þátt en um 115 sjálfboðaliðar unnu að framkvæmd hlaupsins sem er sérlega glæsilegur viðburður í starfi félagsins.

BEKKJAMÓT ÍR Í SOFTBALL

Handknattleiksdeild ÍR hélt bekkjamót í Softball fyrir 3.- 8. bekk allra grunnskóla í Breiðholti þann 7. október 2019. Lið úr öllum skólum Breiðholts voru skráð til leiks og hlaup sigurliðið pizzuveislu að launum. Í aðdraganda mótsins var börnum og ungmennum í hverfinu boðið að æfa frítt handknattleik.

SOFTBALLMÓT ÍR

Softballmót ÍR fór fram þann 19. október 2019 og var góð þáttaka á mótinu. Boðið var uppá áhugamanna- og atvinnumannadeild á mótinu til að allir gætu tekið þátt. Mikil stemmning ríkti á mótinu og voru stærstu verðlaun mótsins veitt fyrir flottasta búninginn.

SILFURLEIKAR ÍR Í FRJÁLSÍÞRÓTTUM

Silfurleikar ÍR voru haldnir í 24. sinn í Laugardalshöll þann 23. nóvember 2019. Rúmlega fimmhundruð krakkar 17 ára og yngri komu víðsvegar af landinu og tóku þátt og þar af rúmlega 100 ÍR-ingar. Leikarnir eru haldnir til minningar um afrek Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956. Rúmlega hundrað sjálfboðaliðar komu að framkvæmd mótsins og eru flestir þeirra foreldrar eða iðkendur hjá frjálsíþróttadeild ÍR.

HLYNSLEIKURINN 2019

Knattspyrnulið ÍR og Leiknis mættust þann 20. nóvember 2019 í Egilshöll í árlegum minningarleik um ÍR-inginn og knattspyrnudrenginn Hlyn Þór Sigurðsson en hann var bráðkvaddur á æfingu hjá félaginu þann 25. nóvember 2009. Leikurinn endaði með 1-0 sigri ÍR-inga.

29. VERÐLAUNAHÁTÍÐ ÍR

Árleg verðlaunahátíð ÍR fór fram þann 27. desember í ÍR-heimilinu við Skógarsel. Að venju var íþróttafólk félagsins heiðrað ásamt því að valin voru íþróttakona og íþróttakarl ÍR fyrir árið 2019. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þátttöku í sjálfboðastarfi fyrir félagið en veitt eru heiðurmer ki félagsins, silfur, og gullmerki ÍR ásamt heiðursfélagakrossi.

Tilnefningar deilda til íþróttakonu og íþróttakarls ÍR árið 2019:

Frjálsíþróttakarl ÍR: Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ÍR: Guðbjörg Jóna Björnsdóttir
Handknattleikskarl ÍR: Sturla Ásgeirsson
Hanknattleikskona ÍR: Ísabella Schoebel Björnsdóttir
Júdókarl ÍR: Jakub Marek Tumowski

Karatekarl ÍR: Aron Anh Ky Huynh
Karatekona ÍR: Trixie Hannah Paraiso
Keilukarl ÍR: Gunnar Þór Ásgeirsson
Keilukona ÍR: Nanna Hólm Davíðsdóttir
Knattspyrnukarl ÍR: Axel Kári Vignisson
Knattspyrnukona ÍR: Anna Bára Másdóttir
Körfuknattleikskarl ÍR: Sæþór Elmar Kristjánsson
Körfuknattleikskona ÍR: Hrafnhildur Magnúsdóttir
Skíðakarl ÍR: Kristinn Logi Auðunsson
Skíðakona ÍR: Sigríður Dröfn Auðunsdóttir
Taekwondokarl ÍR: Sveinn Logi Brynjarsson
Taekwondokona ÍR: Aino-Katri Elina Karinen

Úr hópi tilnefndra íþróttamanna þóttu Aron Anh Ky Huynh karatekarl og Guðbjörg Jóna Björnsdóttir frjálsíþróttakona skara fram úr og hlutu þar með titil sem íþróttakarl og íþróttakona ÍR árið 2019.

ARON ANH KY HUYNH, KARATEKARL OG ÍÞRÓTTAKARL ÍR 2019

Aron var valinn karatemaður ársins 2019 hjá Karatesambandi Íslands. Á árinu lenti Aron í 1. sæti á Reykjavík International Games, 2. sæti á bikarmóti Karatesambandsins, 5. sæti á Norðurlandameistaramóti karla, 3ja sæti á Smáþjóðaleikunum og svo mætti áfram telja.

GUÐBJÖRG JÓNA BJÖRNSDÓTTIR, FRJÁLSÍÞRÓTTAKONA OG ÍÞRÓTTAKONA ÍR 2019

Guðbjörg Jóna bætti Íslandsmet kvenna í bæði 100 og 200 metra spretthlaupi og jafnaði Íslandsmetið í 60 metra spretthlaupi innanhús. Guðbjörg var einnig hluti af 4 x 200 metra boðhlaupssveitinni sem setti nýtt Íslandsmet á RIG en hún var einnig valin frjálsíþróttakona ársins 2019 hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands.

SJÁLFBOÐALIÐAR HEIÐRAÐIR

Alls voru 19 sjálfboðaliðar heiðraðir fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu félagsins á undanförnum árum en hver deild tilnefnir sérstaklega þá sem vert er að heiðra hverju sinni. Öllum þessum einstaklingum eru þökkuð frábær störf í þágu félagsins og þess jafnframt óskað að félagið geti notið krafta þeirra um ókomna tíð.

Þeir sem hlutu silfurmerki ÍR að þessu sinni voru eftirtaldir:
Svavar Þór Einarsson
Eggert Maríuson
Guðmundur Óli Björgvinsson
Viðar Friðriksson
Einar Ómarsson
Davíð Bjarnason
Lilja María Norðfjörð
Fríða Torfadóttir
Sveinbjörn Claessen
Loftur Hauksson
Haraldur Örn Hannesson
Agnar Sveinsson
Sigríður Einarsdóttir
Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir
Sigmann Þórðarson
Gísli Reynisson
Stratko Boloban

Einn ÍR-ingur hlaut gullmerki ÍR að þessu sinni:
Magnús Valdimarsson

Einn ÍR-ingur hlaut heiðursorðu félagsins en það er æðsta orða sjálfboðaliða ÍR:
Kristinn Hilmar Gíslason

Við þetta tækifæri var Sigurði Haukssyni einnig veitt HM merki ÍR. Það merki er veitt öllum ÍR ingum sem ná að keppa á heimsmeistaramóti.

44. GAMLÁRSHLAUP ÍR

Gamlárshlaup ÍR var haldið í 44. sinn á Gamlársdag 2019. Skráðir hlauparar voru 2.074 sem er metþáttaka. Hægt var að taka þátt í 10 km hlaupi og 3 km skemmtiskokki. Gamlárshlaup ÍR er einn stærsti hlaupaviburður landsins og einn sá allra skemmtilegasti. Mikil stemmning ríkir ávallt í hlaupinu þar sem þátttakendur mæta bæði með gleðina og metnaðinn í farteskinu. Um 125 sjálfboðaliðar sáu um framkvæmd á viðburðinum.

ÞORRABLÓT ÍR 2019

Árlegt Þorrablót ÍR var haldið í níunda sinn þann 18. janúar 2019 í íþróttahúsi Seljaskóla. Miðasala fór fram vefleiðis og svo fór að uppselt var á viðburðinn. Um 820 manns sátu til borðs á blótinu og gæddu sér á þorramat og drykk. Að borðhaldi loknu var dansað fram eftir kvöldi við tóna hljómsveitarinnar Á móti sól. Öll framkvæmd þessa stóra viðburðar gekk vel en undirbúningurinn var í höndum þorrablótsnefndar ÍR. Í þorrablótsnefnd þetta árið sátu Kristín Steinunn Birgisdóttir, Atli Guðjónsson. Brynja Guðmundsdóttir, Brynjar Már Bjarnason, Lísa Björg Ingvarsdóttir, Margrét Helgadóttir og Fríða Rún Þórðardóttir. Auk nefndarmanna komu að undirbúningnum ríflega tvö hundruð sjálfboðaliðar frá félaginu en þorrablótið er stærsti einstaki viðburður félagsins þar sem ÍR-ingar úr öllum deildum koma saman.

ÍÞRÓTTASTARF Á TÍMUM COVID-19

Ekki er hægt að ljúka við frásögn aðalstjórnar af starfi félagsins án þess að minnast á heimsfaraldur COVID-19 veirunnar sem angrað hefur þjóðina undanfarna mánuði.

Frá því að veiran barst hingað til lands hefur íþróttastarf tekið miklum breytingum og starfsemi félagsins þurft að aðlagast settum sóttvarnarreglum líkt og öll önnur félög og fyrirtæki í landinu. Samkomubönn og sóttvarnir hafa gert það að verkum að fresta varð fjölda viðburða sem félagið stendur vanalega fyrir. Jafnframt hafa þeir viðburðir sem farið hafa fram þurft að vera með breyttu sniði, ýmist áhorfendalausir eða skertir með öðrum hætti. Eins hafa iðkendur ungir sem aldnir ekki haft sama aðgang að aðstöðu félagsins eins og vanalega sem hefur kallað á breyttar áherslur í þjálfun og umönnun iðkenda.

Aðalstjórn ÍR vill koma sérstökum þökkum á framfæri til starfsmanna íþróttahúsa félagsins sem hafa séð til þess að íþróttastarf geti farið fram innan þeirra ramma sem settir hafa verið.

Einnig vill aðalstjórn þakka sérstaklega þjálfurum félagsins sem hafa eftir fremsta megni haldið uppi starfi félagsins þrátt fyrir þær skerðingar sem orðið hafa. Sem dæmi má nefna þegar samkombann var sett á nú í vor var iðkendum félagsins sett fyrir heimavinna sem fól í sér frumlegar og skemmtilegar æfingar á meðan ekki var hægt að fara að heiman til æfinga.
Til urðu myndbönd og leiðbeiningar sem þjálfarar bjuggu til og verða þessar heimildir varðveittar til marks um þá tíma sem við lifum nú í skugga Covid-19 veirunnar.

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR STARFSÁIÐ 2019 - 2020

AÐALFUNDUR OG SKIPAN STJÓRNAR

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar ÍR var haldinn í Laugardalshöll 4. apríl 2019. María Stefánsdóttir var kjörinn formaður, önnur í stjórn voru kjörin Fríða Rún Þórðardóttir varaformaður og umsjónarmaður fimleika, Ásta Katrín Hannesdóttir gjaldkeri, Unnur Árnadóttir forseti ÍR skokks, Bjarni Amby Lárusson, Óðinn Björn Þorsteinsson og Kristín Birna Ólafsdóttir.

AUKA AÐALFUNDUR

Auka aðalfundur frjálsíþróttadeildar var haldinn í Laugardalshöll 2. október 2019 eftir að fyrri stjórn sagði af sér. Rúnar G. Valdimarsson var kosinn formaður, önnur í stjórn voru kosin Bjarni Amby Lárusson, Fríða Rún Þórðardóttir, Haraldur Úlfarsson, Óðinn Björn Þorsteinsson, Kristín Birna Ólafsdóttir og Unnur Árnadóttir. Bjarni sagði sig úr stjórninni í lok árs 2019.

ÆFINGAR OG ÚTBREIÐSLA

Á árinu var fjöldi skráðra einstaklinga í deildinni 450.

Þessir einstaklingar skiptast sem hér segir:

Frjálsar íþróttir um 350 iðkendur

Fimleikar og parkour um 50 iðkendur

Skokkhópur um 50 iðkendur

Í frjálsíþróttum var boðið upp á æfingar fyrir iðkendur 12 ára og yngri í Breiðholti og Laugardal yfir vetrartímann, alls þrír æfingahópar á hvorum stað. Sumarið 2019 voru í boði æfingar í Laugardalnum fyrir elsta hópinn (11-12 ára), en ekki fyrir yngri hópa. Því miður hefur nýr frjálsíþróttavöllur ekki verið tekinn í notkun á ÍR svæðinu í Mjódd og þar af leiðandi hefur frestast að bjóða upp á sumaræfingar þar.

Í Laugardalnum var boðið upp á æfingar fyrir iðkendur 13 ára og eldri allan ársins hring, þar af voru tveir unglingaflokkar, meistaraflokkur U20 og meistaraflokkur. Sameiginlegur fjölþrautarhópur ÍR og Breiðabliks æfði einnig í Laugardalnum en því samstarfi hefur verið slitið.
Eins og áður hafa nokkrir íþróttamenn annarra félaga æft með deildinni og þá einkum að vetrarlagi.

Skokkhópurinn hélt úti æfingum frá ÍR heimilinu í Skógarseli.

Í fimleikum var boðið upp á æfingar fyrir grunnhópinn þrisvar í viku í Breiðholtsskóla. Framhaldshópurinn æfði einnig þrisvar í viku, þar af í eitt skipti í Fylkishöllinni. Parkouræfingar voru einu sinni í viku í Breiðholtsskóla.

ÞJÁLFARAR

Óðinn Björn Þorsteinsson var áfram yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar og Brynjar Gunnarsson var umsjónarþjálfari yngri flokka. Líkt og áður er áhersla lögð á að þjálfarahópurinn sé skipaður menntuðum íþróttafræðingum og reynslumiklu fólki en þeim til aðstoðar hafa verið yngri þjálfarar sem hafa flestir æft frjálsar íþróttir árum saman hjá deildinni.

ÞJÁLFARAR YNGRI FLOKKA 2019

Árið 2019 voru eftirtaldir þjálfarar að störfum fyrir deildina í mismiklum mæli: Ásta Margrét Einarsdóttir, Brynjar Gunnarsson, Helga Margrét Haraldsdóttir, Helgi Björnsson, Hrafnhild Hermóðsdóttir, Óðinn Björn Þorsteinsson, Soffía Felixdóttir og Tiana Ósk Whitworth auk fjölda aðstoðarþjálfara.

ÞJÁLFARAR MEISTARAFLOKKS 2019

Bergur Ingi Pétursson, Brynjar Gunnarsson, Einar Þór Einarsson, Einar Vilhjálmsson, Gunnar Páll Jóakimsson, Jón Oddsson, Mark W. Johnson, Marta Ernstdóttir, Pétur Guðmundursson, Þorvaldur Víðir Þórsson og Þórdís Gísladóttir.

Þráinn Hafsteinsson lét af störfum síðastliðið haust eftir áratuga langa þjálfun fyrir deildina og færum við honum miklar þakkir fyrir hans fórnfúsa starf fyrir deildina.

FIMLEIKAR

Fríða Rún Þórðardóttir hafði umsjón með fimleikunum líkt og undanfarin ár. Þjálfarar deildarinnar voru Alfredo Guevara, Elíana Sigurjónsdóttir, Louisa Christina Á Kósinni, Robert Bentia, Viktor Elí Sturluson og Viktoría Helgadóttir.

3 þjálfarar sóttu námskeið fimleikasambandsins.

ÍR SKOKK

Sara Björk Lárusdóttir og Valur Þór Kristjánsson sáu um þjálfun hópsins.

ÁRANGUR Í KEPPNI

Frjálsíþróttadeild ÍR átti líkt og undanfarin ár keppendur í flestum landsliðum Íslands sem send voru til keppni á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands árið 2019. Þetta er ótvírætt rós í hnappagat þess öfluga afreksstarfs sem unnið er hjá deildinni.

MEISTARAMÓT ÍSLANDS

ÍR sigraði á MÍ 15-22 innanhús ára sem fór fram í Kaplakrika um helgina. Alls hlaut liðið 392 stig og 60 verðlaunapeninga, þar af 20 gullverðlaun, 17 silfur og 23 brons

ÍR-ingar urðu Íslandsmeistarar í kvennaflokki á meistaramótinu í frjálsíþróttum innan húss, en mótið var haldið í Kaplakrika. Alls hlutu konurnar 29 stig, einu stigi meira en FH-konur sem lentu í öðru sæti. Í karlaflokki höfnuðu ÍR-ingar í öðru sæti, með 19 stig, þremur stigum á eftir FH.

ÍR vann þrefaldan sigur á Íslandsmeistaramótinu utanhúss á Laugardalsvelli. ÍR sigraði í kvennaflokki, karlaflokki og samanlagt.

ÍR sigraði örugglega í heildarstigakeppninni á Meistaramóti Íslands utanhúss 15-22 ára, sem haldið var á Selfossi. Þetta er 16. árið í röð sem ÍR ber sigur úr býtum. ÍR sigraði einnig í pilta- og stúlknaflokki 18-19 ára og í stúlknaflokki 20-22 ára. Alls hlutu ÍR-ingar 97 verðlaun; 40 gull, 35 silfur og 22 brons.

BIKARKEPPNIR FRÍ

ÍR varð bikarmeistari í frjálsum íþróttum innanhúss eftir sigur á FH í hörðum slag í Kaplakrika í. ÍR hafnaði með 112 stig og FH með 108 stig.

ÍR varð í öðru sæti í Bikarkeppni FRÍ utanhúss sem haldin var í Kaplakrika.

EVRÓPUMÓT

Dagbjartur Daði Jónsson varð 6. í úrslitum spjótkasts á Evrópumeistaramóti 19-22 ára í Svíþjóð

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð í 4. Sæti í 200m hlaupi á EM ungmenna 19 og yngri í í Svíþjóð

Erna Sóley Gunnarsdóttir náði í brons í úrslitum kúluvarps á EM ungmenna 19 og yngri í Svíþjóð

HEIMSMEISTARAMÓT

Ísland átti einn keppanda á Heimsmeistaramótinu í Doha í Katar. ÍR-ingurinn Guðni Valur Guðnasson keppti í kringlukasti.

HEIMSMEISTARAMÓT FATLAÐRA UNGMENNA U20

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir sigraði í langstökki í sínum fötlunarflokki á heimsmeistaramóti fatlaðra ungmenna U20, sem haldið er í Notwill í Sviss. Lengsta stökk hennar var 4,12 metrar.

ÍSLANDSMET Á ÁRINU

Elísabet Rút Rúnarsdóttir	Sleggjukast	62,16 m
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	60 m innanhúss	7,47 sekúndur Íslandsmetsjöfnun
	100 m utanhúss	11,56 sekúndur
	200 m utanhúss	23,45 sekúndur
Hlynur Andrésson	1500 m hlaup innanhúss	3:45,97 mínútur
	3000 m hlaup innanhúss	8:08,24 mínútur
	3000 m hlaup innanhúss	7:59,11 mínútur
	5000 m hlaup utanhúss	13:57,89 mínútur
	10 km götuhlaup utanhúss	29:49 mínútur
Tiana Ósk Whitworth	100 m utanhúss	11,57 sekúndur

Auk þessa settu fulltrúar ÍR fjölda aldursflokkameta á árinu 2019.

LANDSLIÐ, ÚRVALS- OG STÓRMÓTAHÓPUR FRÍ

LANDSLIÐ

Íslenska landsliðið í frjálsíþróttum sigraði þriðju deildina í Evrópukeppni landsliða sem fram fór í Skopje, Norður Makedóníu og verður því í 2. deild á næsta ári. ÍR átti fjölda keppenda í landsliðinu, eða 12 íþróttamenn af 34. ÍR átti 10 keppendur á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi.

ÚRVALS- OG STÓRMÓTAHÓPUR FRÍ

Í lok árs var birtur listi yfir þá 13 íþróttamenn sem náð hafa tilskyldum lágmörkum í Stórmótahóp FRÍ 15-22 ára árin 2019-2020. Frjálsíþróttadeild ÍR getur stært sig af því að af þessum 13 frábæru íþróttamönnum koma 8 frá ÍR.

ÍR SKOKK

Sem fyrr voru ÍR skokkarar mjög virkir í götu- og utanvegahlaupum árið 2019 og áttu þeir fulltrúa í fjölmörgum hlaupum víðs vegar um landið. Flest hlaupin eru vor- og sumarhlaup enda er framboð mjög mikið á þeim árstíma.

FULLTRÚAR Í STÓRUM HLAUPUM HEIMA OG ERLENDIS

ÍR skokkarar áttu 27 fulltrúa í öllum vegalengdum Reykjavíkurmaraþons sem fram fór 24. ágúst og af þeim hlupu tveir heilt maraþon.

Að venju tóku ÍR skokkarar þátt í maraþonhlaupum utan landsteinanna. Tveir ÍR skokkarar tóku þátt í Lundúnar maraþoninu í apríl (Felix Sigurðsson og Helgi Kárason) og tveir í Kaupmannahafnar maraþoninu í maí (Sigurður H. Sigurðarson og Sigurlín Birgisdóttir). Stór hluti hópsins fór til Tallin í september og tók þátt í Tallin maraþoninu. Vegalengdir voru 10 km (5 hlauparar), hálft maraþon (7 hlauparar) og maraþon (9 hlauparar). Í maraþoninu bar hæst

árangur Önnu Sigrúnar Björnsdóttur en hún sigraði aldursflokkinn 65-69 ára á tímanum 4:01:44 sem líklega er íslandsmet í flokki.

Einnig voru 6 ÍR skokkarar í Berlínarmaraþoninu í lok september (Birgir Sigurðsson, Hrafnhildur Birgisdóttir, Ingibjörg Þóra Helgadóttir, Karen Bjarnhéðinsdóttir, Sigurður G. Benediktsson og Unnur Friðþjófsdóttir) þar sem hluti hópsins var að setja persónuleg met. Í Chicago maraþoninu í október var Ásdís Wöhler fulltrúi ÍR skokkara og náði hún einnig að setja persónulegt met.

UTANVEGAHLAUP

Að hlaupa í náttúrunni er eitt af því sem ÍR skokkarar hafa gaman af. Á árinu 2019 átti hópurinn fulltrúa í allnokkrum hlaupum víðs vegar um landið, s.s. í Hvítasunnuhlaupi Hauka, Puffin Run, Gullsprettinum á Laugarvatni, Mýrdalshlaupinu, Snæfellshlaupinu, ECO trail, Þorvaldsdalsskokkinu, Laugarveginum, Vesturgötunni, Jökulsárhlaupinu, Dyrfjallahlaupinu, Fjögurra skóga hlaupinu, Tindahlaupinu, Hreppslaugarhlaupinu og Hengill Ultra trail. Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir var sigursæl í fjallahlaupunum en hún sigraði í Puffin Run, tvöfaldri Vesturgötu (45 km) og í 100 km Hengill Ultra þar sem hún setti brautarmet. Að auki varð hún í öðru sæti í 23 km vegalengdinni í Mýrdalshlaupinu og í Tindahlaupinu (einn tindur).

POWERADE VETRARHLAUPIN

ÍR skokk hefur átt góðu gengi að fagna í Powerade vetrarhlaupunum síðastliðin ár, bæði í aldursflokkum karla og kvenna og í skokkhópakeppninni. Hlaupin samanstanda af sex 10 km hlaupum í Víðidal og Elliðaárdal og fara fram á tímabilinu október til mars. Í hlauparöðinni veturinn 2018-2019 varð ÍR skokk í þriðja sæti skokkhópa. Í aldursflokkum karla og kvenna átti ÍR skokk tvo fulltrúa í fyrsta sæti, þrjá í öðru sæti og einn í þriðja sæti. Að jafnaði tóku 20-30 ÍR skokkarar þátt í hverju hlaupi.

VIÐURKENNINGAR

Eftirfarandi íþróttamenn fá viðurkenningar á aðalfundi 18. ágúst 2020 fyrir árangur sinn á árinu 2019. Þessir glæsilegu fulltrúar okkar eru vel að þessum viðurkenningum komin og árangur þeirra er afrakstur mikilla æfinga og eljusemi undir leiðsögn frábærra þjálfara.

Frjálsíþróttakona ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Frjálsíþróttakarl ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti kvensprett/grindahlaupari ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Besti karlsprett/grindahlaupari ÍR	Ívar Kristinn Jasonarson
Besti kvenmilli/langhlaupari ÍR	Aníta Hinriksdóttir
Besti karlmilli/langhlaupari ÍR	Hlynur Andrésson
Besti kvenstökkvari ÍR	Hulda Þorsteinsdóttir
Besti karlstökkvari ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Besti kvenkastari ÍR	Erna Sóley Gunnarsdóttir
Besti karlkastari ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti fjölþrautarmaður ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Mestu framfarir	Bergur Sigurlinni Sigurðsson
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 15 – 17 ára	Elísabet Rut Rúnarsdóttir
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 11 – 14 ára	Dóra Fríða Orradóttir

AÐRAR VIÐURKENNINGAR

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir var valin frjálsíþróttakona ársins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands. Bergún Ósk Aðalsteinsdóttir var valin íþróttakona fatlaðra hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Bergrún Ósk og Guðbjörg Jóna voru einnig tilnefndar og verðlaunaðar fyrir góðan árangur þegar íþróttafólk Reykjavíkur var valið. Þá var Guðbjörg Jóna í 7. sæti við val á íþróttamanni ársins hjá Samtökum íþróttafréttamanna.

ÍR SKOKK

Á uppskeruhátíð ÍR skokkara eru karl- og kvenhlauparar ársins útnefndir. Hlauparar ársins 2019 eru Anna Sigrún Björnsdóttir og Ásgeir Skúlason sem bæði eru einstaklega jákvæðir og skemmtilegir hlauparar.

Anna Sigrún hefur um árabil verið sigursæl í sínum aldursflokki, býr yfir mikilli reynslu og seiglu. Á árinu sigraði hún í sínum aldursflokki í Stjörnuhlaupinu á tímanum 54:01 og einnig í Ármannshlaupinu á 51:43. Hún varð önnur kona í sínum aldursflokk í Miðnæturhlaupinu (10 km) á 53:26. Í Reykjavíkurmaraþoni hljóp hún 21,1 km á 1:53:51 og var 5. kona í aldursflokki. Hún var svo fyrst í sínum aldursflokki í Tallin maraþoninu á 4:01:44.

Ásgeir hljóp á persónulegu meti í hálfu maraþoni í Reykjavíkurmaraþoni, 1:25:48 og einnig í 10 km í Brúarhlaupinu, 38:19. Hann varð 11 hlaupari í mark í Laugavegshlaupinu á tímanum 5:22:37, fjórði í sínum aldursflokki. Ásgeir sigraði í Tindahlaupinu, 7 tindar á tímanum 4:17:42 en vegalengdin er 37 km.

MÓT OG VIÐBURÐIR Á VEGUM FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR ÍR 2019

Að venju hélt frjálsíþróttadeild ÍR sín árlegu mót og hlaup með glæsibrag enda vaskur hópur sem kemur að skipulagningu þeirra. Inga Dís Karlsdóttir hefur ásamt samstarfsmönnum sínum stýrt hlaupunum sem vaxa og dafna með hverju árinu. Helgi Björnsson hefur ásamt mótanefnd deildarinnar skipulagt mótin okkar sem haldin eru ár hvert. Helstu mót og hlaup voru:

23. Stórmót ÍR 19. – 20. janúar, 620 keppendur.

104. Víðavangshlaup ÍR á Sumardaginn fyrsta 19. apríl, 662 þáttakendur.

77. Vormót ÍR, 120 keppendur.

10. Bronsleikar ÍR, 294 keppendur.

24. Silfurleikar ÍR, 538 keppendur.

44. Gamlárshlaup ÍR 31. desember, 2074 keppendur.

Fjöldi þátttakenda á mótum er sambærilegur við síðustu ár en þátttakendum í hlaupunum heldur áfram að fjölga.

Auk ofangreindra móta voru fjölmörg innanfélagsmót, kastmót, stökkmót og bætingamót haldin. Þá sá deildin einnig um framkvæmd nokkurra móta á vegum Frjálsíþróttasambandsins.

SJÁLFBOÐALIÐAR

Frjálsíþróttadeild ÍR hefur á að skipa glæsilegum hópi sjálfboðaliða sem svo sannarlega leggja gríðarlega mikið af mörkum fyrir félagið og gera það kleyft að hægt er að halda jafn glæsilega viðburði og raun ber vitni. Þetta eru jafnt iðkendur, foreldrar og aðrir velunnarar deildarinnar sem margir hverjir hafa í fjölda ára og jafnvel áratugi komið að þessu starfi. Auk þessa höfum við fengið liðsinni nemenda í íþróttafræðum við HÍ sem fræðast þá um framkvæmd einstakra greina frjálsra íþrótta og eins höfum við notið aðstoðar annarra deilda félagsins. Við færum öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra.

FJÁRMÁL

Óhætt er að segja að fjármál deildarinnar hafi sett stóran svip á starf stjórnarinnar árið 2019 þar sem hluti tekna deildarinnar skiluðu sér ekki í upphafi árs og ollu miklum vandræðum í rekstri allt árið.

Annað árið í röð var deildin rekin með tapi sem varð m.a. til þess að töluverð skuld safnaðist upp við FRÍ og þjálfara en tekist hefur að saxa töluvert á þær á árinu 2020 og standa vonir til að deildin verði skuldlaus við FRÍ fyrir árslok.

Heildartekjur deildarinnar árið 2019 voru um 76,5 milljónir samanborið við tæpar 72,0 milljónir árið 2018, þar af voru mótatekjur, fjáraflanir og önnur framlög og styrkir rúmlega 37,1 milljón samanborið við tæpar 37,9 milljónir árið 2018.

Megin hækkun í útgjöldum deildarinnar eru hærri launa- og verktakagreiðslur en þær hækkuðu um tæpar 5 milljónir á milli ára.

FRAMTÍÐARSÝN

Á næstu vikum verður nýtt knatthús tekið í notkun á félagssvæði ÍR í Skógarseli, en í húsinu eru einnig hlaupabrautir og aðstaða til stökkæfinga. Ákveðið hefur verið í tilefni af þessu að bæta við æfingum fyrir 7. – 8. bekk og er það von okkar að með þessu minnki brottfall iðkenda úr Breiðholti á þessum aldri. Það er ljóst að frjálsíþróttavöllurinn í Skógarseli verður ekki tekinn í notkun árið 2020 en framkvæmdir við hann hafa dregist von úr viti. Vallarhúsið við frjálsíþróttavöllinn er fullklárað og hefur verið tekið í notkun að hluta til. Það er einlæg von okkar að hægt verði að keppa á vellinum sumarið 2021 enda hefur það sýnt sig nú í sumar að þörf er á öðrum frjálsíþróttavelli í Reykjavík.

ÍR á fullt af frábæru afreksfólki sem á framtíðina fyrir sér sem og unga og efnilega iðkendur sem við þurfum að hlúa að og koma í fremstu röð. Við gerum það með því að bjóða upp á markvissar og krefjandi æfingar undir leiðsögn vel menntaðra og áhugasamra þjálfara sem styðja jafnframt dyggilega við bakið á iðkendunum. Fyrir yngri iðkendurna er líka mikilvægt að halda í gleðina og fjölbreytnina.

Það er ljóst að rekstur deildarinnar er þungur þar sem margir stórir styrktaraðilar íþróttahreyfingarinnar halda að sér höndum á þessum erfiðu tímum og margir minni aðilar berjast í bökkum. Þá er óljóst hvernig mótahaldi verður háttað næsta vetur og spurning hvort að þessi stóru mót og hlaup okkar verði sama tekjulind og undanfarin ár. Sem dæmi um það er óljóst hvernig Víðavangshlaupi ÍR fer fram en því var frestað á vormánuðum vegna samkomubanns. Því er nauðsynlegt fyrir okkur að leggjast öll á árarnar og vera samtaka því öðru vísi náum við ekki settu marki.

F.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR,
Rúnar G. Valdimarsson, formaður.

HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR KEPPNISTÍMABILIÐ 2019 – 2020.

Aðalfundur var haldin í maí 2019. Á fundinum tilkynnti fyrri stjórn að hún hygðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs.
Á fundinum var engin sem gaf kost á sér til setu í stjórn og var því boðað til framhaldsaðalfundar. Á þeim fundi var stjórnin mönnuð og í henni sitja:
Sigurður Rúnarsson, Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir, Margrét V. Helgadóttir og Kristján Óli Sverrisson.
Einnig var lagt til að einn meðlimur meistaraflokksráðs kvenna og karla ættu fulltrúa í stjórn ásamt formanni BUR (Barna- og unglingaráðs).

Stjórnin skipti með sér verkum þegar leið á sumarið og var Sigurður formaður, Margrét ritari, Ingibjörg gjaldkeri og Kristján meðstjórnandi.

BARNA OG UNGLINGARÁÐ (BUR) SKIPA:

Ólafur Haukur Hansen (formaður), Björk Birkisdóttir (gjaldkeri), Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir, Sigrún Tómasdóttir, Hrannar Freyr Markússon Kreye, Lilja Björk Stefánsdóttir og Björk Sigurþórsdóttir sem jafnframt bar ábyrgð á sjoppunni.

Meistaraflokksráð karla: Haraldur Hannesson, Erlendur Ísfeld, Sveinn Valtýr Sveinsson, Kristinn Harðarson og Haukur Loftsson.

Meistaraflokksráð kvenna: Mótaráð var skipað BUR

Heimaleikjaráð: Kristín Aðalsteinsdóttir og fleiri

Á tímabilinu sem er að ljúka voru 353 iðkendur skráðir í yngri flokkana á móti á móti 460 tímabilið á undan. Það er vissulega fækkun í skráningum, sem er áhyggju efni, við gætum staðið okkur betur að skila listum um iðkendur til skrifstofunnar sem sér um allar skráningar. Þetta atriði er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur fyrir tvær sakir.

Úthlutanir úr sjóðum fara oftast eftir fjölda skráðra iðkenda. Svo er það hitt sem er alvarlegra og það er óskráður iðkandi eru tapaðar tekjur og það eru iðkendagjöldin sem standa undir launum þjálfara yngri flokkana ásamt starfinu.

Meðal hugmynda félagsins til að bregðast við þessu er að fylgja fastar eftir að þjálfarar skili listum reglulega. Einnig ætlum við okkur sókn okkar efra Breiðholti með fjölgun iðkendum. Þar sem markhópurinn eru ungir krakkar.

Þessu til viðbótar höfum við nú ráðið í stöðu yfirþjálfara yngri flokka ÍR til vinna að en frekari landvinningum í yngri flokkum, hans hlutverk verður meðal annars að að fylgja þessu öllu eftir. Ásamt því að setja og auka en frekar gæðin í starfinu hjá okkur.

HANDKNATTLEIKSDEILD

„Fordæmalausa“ Tímabilið

Meistaraflokkur karla

Tímabilið hjá meistaraflokki karla var misskipt, því eftir mjög sterka byrjun þar sem við vorum á tímabili efstir, endaði liðið í 7. sæti þó öruggir inn í úrlistakeppnina þegar öllu mótahaldi var aflýst í apríl. Liðið féll úr bikarnum þegar þeir töpuðu fyrir Aftureldingu í 8-liða úrslitum.

Bjarni Fritzson sem þjálfað hefur liðið undanfarin 6 ár ákvað að láta hér staðar numið og stíga til hliðar. Stjórnin vil færa honum þakkir fyrir samstarfið og fyrir það starf sem hann hefur unnið fyrir félagið undanfarin ár. Á vormánuðum var Kristinn Björgúlfsson ráðinn þjálfari meistaraflokks karla, honum til aðstoðar verður Andri Heimir sem spilar einnig.

Að þessu sinni var eitt U-lið skráð til leiks og spilaði það í 2. deild karla.
Heimir Steinn Vigfússon var ráðinn þjálfari og enduðu þeir í 8. sæti þegar mótinu var aflýst.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna endaði tímabilið í 6. sæti í Grill 66 deildinni þegar öllu mótahaldi var aflýst.
Þær féllu úr bikarnum eftir tap gegn Þór/KA, sömuleiðis í 8-liða úrslitum.

Kristinn Björgúlfsson þjálfaði liðið í vetur. Á vormánuðum var hinsvegar Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna ásamt 3.flokki. Honum til aðstoðar verður Stefán Pedersen. Báðir eru þeir öllum hnútum kunnugir hjá félaginu, og bjóðum við velkomna til baka.

Yngri flokkum ÍR hefur gengið vel undanfarin ár og í vetur var engin breyting þar á. Staða þeirra var góð þegar öllu mótahaldi var aflýst. Það er því full ástæða til að hlakka til spennandi tíma á næstu misserum.

Eftirtaldir ÍR-ingar voru valdir til verkefna á vegum HSÍ: 18 krakkar☺

Egill Skorri Vigfússon, Björgvin Hlynsson, Skúli Ásgeirsson, Theodór Sigurðsson, Anna María Aðalsteinsdóttir, Ísabella Schöbel Björnsdóttir, Hjálmtýr Daníel S. Björnsson, Nökkvi Blær Hafþórsson, Aþena Sif Daníelsdóttir, Díana Ásta Guðmundsdóttir, Sóley Björt Magnúsdóttir, Hrannar Ingi Jóhannsson, Viktor Sigurðsson, Bjarni Dagur Svansson, Baldur Fritz Bjarnason, Bernard Kristján, Jökull Blöndal og Alexander Ásgrímsson.

Aðstaðan

Austurbergið sem er og hefur verið okkar heimavöllur undanfarin ár, er farið að þreytast. Nú í sumar verður gólfið lagfært. Síðastliðin vetur var salernisaðstaðan endurnýjuð. Í vetur fengum við vegglistamann til að skreyta vegg við inngangin og er það glæsilegt verk sem tekur nú á móti gestum hússins. En meira skal til og þar er undir okkur sjálfum komið það sem gert verður.

Þrátt fyrir að handboltinn sé með æfingar í þremur húsum þá er það en svo að sumir flokkar eru að æfa mjög seint á kvöldin, jafnvel svo seint að það er varla boðlegt, okkur vantar parket tíma. Það horfir vissulega til betri tíma í húsnæðismálum hjá ÍR en framkvæmdir við nýtt hús hefjast vonandi fljótlega. Það breytir því þó ekki að það áfram verðum við sennilega með æfingar í fleiri húsum, sérstaklega ef við viljum geta boðið æfingar á ásættanlegum tímum. Þetta er og verður verður samvinnu verkefni boltadeildanna og aðalstjórnar að finna góða lausn.

Það hefur þó ekki breytt þeirri staðreynd að blaðamenn og leikmenn annarra liða hafa mjög gaman af því að koma í Austurberg og spila. Þeir hafa yfirleitt orð á því og blaðamenn eru sérlega ánægðir með allt skipulag og umgjörð heimaleikjanna. Stjórnin vill þakka heimaleikjaráði og að öðrum ólöstuðum nefna sérstaklega Kristínu Aðalsteinsdóttur.

Sjálfboðaliðar og starfið í kringum deildina

Það er ekki hægt að fara yfir starfið og árið án þess að ræða þátttöku sjálfboðaliða. Með þeim stendur og fellur starfið. Fyrir þetta tímabil var hugmyndin að mynda meistaraflokksráð hjá bæði stelpum og strákum. Þrátt fyrir ágætar tilætlanir tókst ekki að koma á virku meistaraflokksráði hjá stelpunum. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa virk meistaraflokksráð

því það eru þau sem koma að og standa fyrir fjáröflunum, umgjörð og utanumhaldi í kringum liðin og eru til stuðnings stjórnar félagsins þegar kemur að málefnum meistaraflokkanna. Stjórn deildarinnar dróst heldur saman þegar leið á starfsárið og er í dag tveir aðilar, formaður og gjaldkeri. Kannski mikilvægt hlutverk en það segir sig sjálft þau geta ekki unnið öll þau störf sem þarf. Það var því mjög mikilvægur og kærkominn stuðningur sem stjórnin fékk hjá meistaraflokksráði karla í ýmsum málefnum jafnt hjá strákunum sem stelpunum.

Það er staðreynd að kostnaður við rekstur meistaraflokka fer hækkandi á sama tíma og styrktaraðilar eru að draga úr fjárframlögum til félagsins. Það var af þessum tveimur ástæðum sem ákvörðun var tekin á sínum tíma um að draga úr keppni U-lið stráka og meistaraflokk kvenna.

Skemmst er frá því að segja að þeirri ákvörðun var snúið eftir að fjölmargir höfðu samband og hvöttu stjórnina til að draga ákvörðunina til baka. Í dag er stórt og öflugt meistaraflokksráð kvenna, reyndar svo öflugt að það telur tæplega 40 manns. Það er ekki minnsti vafi í mínum huga að þar eru allir mjög virkir og öflugir í að skapa ekki bara góða umgjörð hjá stelpunum heldur einnig að færa björg í bú fyrir flokkinn.

Það var ákveðið af stjórninni í samráði við upphafsaðila meistaraflokksráðs kvenna að hafa algjörlega aðskilinn fjárhag milli flokkanna. Hvor flokkur fyrir sig verður með aðskilin fjármál og umsjón í þeirra höndum.

Þannig verða stelpurnar með sér reikning fyrir sínar fjáraflanir og strákarnir fyrir sínar. Stjórn mun svo halda utan um sameiginlegar fjáraflanir og styrki ef einhverjir verða og deila þeim út.

Þessu til viðbótar er mikilvægt að næsta stjórn verði með aðila frá hvorum flokki fyrir sig og hafa þegar verið tilnefndir aðilar frá hvorum flokki fyrir sig. Markmið stjórnarinnar og klúbbsins í heild er að í Breiðholti verði öflugt handboltafélag í fremstu röð með iðkendur í öllum flokkum af báðum kynjum, við erum ÍR.

F.h. stjórnar

Kær kveðja Sigurður Rúnarsson formaður.

JÚDÓDEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2019 - 2020

STJÓRN

Formaður Ásgeir Ásgeirsson (asgeirerlendur@internet.is)
Varaformaður Arnar Þór Sigurðsson (arnatlarsen@gnail.com)
Gjaldkeri Haukur Þór Haraldsson (haukur.haraldsson@reykjavik.is)
Ritari Magnús Sigurjónsson (magnussi@mmedia.is)
Meðstjórnandi Kjartan Magnússon (maekkigleyma@gmail.com)
Meðstjórnandi Gísli Fannar Vilborgarson (gislippon@gmail.com)

STARFSEMIN/ÆFINGAR/ÚTBREIÐSLUSTARF

Heldur fækkaði iðkendum frá árinu áður, en iðkendur deildarinnar voru annars fjölmennir á mótum á vegum Júdósambandsins. Keppendur frá deildinni voru margir á Íslandsmóti yngri og eldri flokka og á Reykjavik International Games voru keppendur frá ÍR næst stærsti keppendahópurinn. Ásgeir E. Ásgeirsson, Arnar Þór Sigurðsson, Pálmar Magnason, Emmoerik Johann Monday skiptu með sér þjálfuninni á árinu. Einnig byrjuðu Jon Tabuku og Jakub Tumowski að þjálfa um haustið.

Sótt var um útbreiðslustyrk í verkefnasjóð ÍBR og fékk deildin 50.000 króna útbreiðslustyrk sem var notaður um haustið. Náðist að dreifa 1500 auglýsingum í allt Seljahverfið, Bakkahverfið og Engihjallann. Dreift var auglýsingum í byrjun árs og svo aftur um haustið. Auglýsingin var á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. Megin inntak auglýsingarinnar er að öllum er boðið að prófa júdó.

Það sem staðið hefur starfi deildarinnar fyrir þrifum er afleit æfingaaðstaða. Deildin hefur haft lítið gólfpláss til að kenna iðkendum. Það hefur þurft að raða júdódýnum fyrir æfingar og ganga frá þeim eftir æfingar, en æfingaaðstaðan mun batna næsta haust. Dýnuburðurinn hefur verið mikil aukavinna að auk þess fer það illa með dýnur þannig að þær hafa látið á sjá

síðustu árin. Þurfum við því að endurnýja þær innan nokkurra ára. Einnig er veruleg truflun af lyftingasal við hliðina. Mikil orka fer í að passa upp á að börn séu ekki að fara sér að voða í tækjasalnum. Hávaði frá hópum í tækjasalnum fer illa í foreldra og suma iðkendur enda hafa þó nokkrir farið að æfa í öðrum félögum enda er aðstaða þar mun betri.

Keppendur deildarinnar unnu til margra verðlauna á árinu og má þar nefna Íslandsmeistaratitlar í +81 kg flokki yngri en 18 ára og -73 kg flokki fullorðinna.

MÓTAHALD

Deildin er hefur ekki verið í aðstöðu til að halda júdómót en ÍR ingar hafa að jafnaði unnið við öll mót á vegum Júdósambandsins við mótsstjórn og dómgæslu.

FJÁRMÁL

Fjárhagsstaða deildarinnar er sterk enda hefur hún alltaf átt fyrir öllum útgjöldum og skuldbindingum.

FRAMTÍÐARSÝN

Til að treysta grundvöll deildarinnar þarf að fjölga iðkendum og bæta aðstöðuna. Það þarf einnig að fjölga þjálfurum og mennta til að vinnan færist á færri hendur. Næsta haust flytur æfingasalurinn í helming íþróttasalarins og batnar aðstaða deildarinnar við það. Næsta haust þarf að auglýsa enn betur starf deildarinnar til að fjölga iðkendum. Bæði með því að bera út auglýsingar í hverfin umhverfis ÍR og með auglýsingum á samfélagsmiðlum.

COVID fór illa með allt íþróttastarf á vormánuðum. Þegar COVID fór að breiðast út fækkaði iðkendum á æfingum. Og þegar samkomubannið var sett á voru allar íþróttaæfingar bannaðar í 7 vikur. Það verða því verulegar áskoranir á næstu árum að hald úti æfingum í mörgum íþróttagreinum og þá sérstaklega þar sem iðkendur snertast. Það lagast líklega ekki fyrr en bóluefni hefur verið þróað gegn veirunni.

Karatedeild ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2019

GRÓSKUMIKIÐ KARATESTARF HJÁ ÍR

Karatestarf ÍR hefur á undanförnum árum gefist mjög vel. Æfingar í karate fara að mestu leyti fram í Austurbergi í efra-Breiðholti og eru æfingar yngri iðkenda vel sóttar þar.

Í ÍR-heimilinu fara fram æfingar fyrir eldri-flokka þar sem æfingaaðstaðan er rýmri.

Alls voru á árinu 2019 skráðir 71 iðkandi í karate hjá ÍR og hefur sú tala verið á uppleið undanfarin ár. Því er ljóst að karatestarfið hefur vakið lukku í hverfinu.

MÓT ÁRSINS 2019

REYKJAVÍK INTERNATIONAL GAMES (RIG)

Reykjavík International Games fór fram í janúarmánuði 2019 og þar varð Aron Anh Ky Huynh í 1. sæti í KATA flokki. Tveir aðrir keppendur kepptu á mótinu frá ÍR, þeir Andri Sveinn Grétarsson og Leszek Tomasz Kisielewski.

GRANDPRIX MÓTARÖÐ KAÍ

Í febrúarmánuði 2019 fór fyrsta Grandprix mót KAÍ fram og þar kepptu átta keppendur frá ÍR. Trixie H. Paraiso hreppti 1. sætið í KATA unglinga en fjórir aðrir keppendur fóru einnig á verðlaunapall á mótinu.
Í apríl fór annað Grandprix mót ársins fram en þar kepptu fjórir ÍR-ingar. Trixie Paraiso varð aftur í 1. sæti í KATA og tveir aðrir ÍR-ingar náðu á verðlaunapall á mótinu.
Í nóvember sl. fór svo þriðja Grandprix mótið fram þar sem tveir ÍR-ingar enduðu á verðlaunapalli.

BIKAMÓTARÖÐ KAÍ

Þrjú bikarmót á vegum KAÍ (Karatesambands Íslands) fóru fram á árinu 2019. Aron Anh Ky Huynh var eini keppandi ÍR á þeim öllum og varð jafnframt efstur í KATA flokki á öllum mótunum þremur.

ÍSLANDSMEISTARAMÓT BARNA OG UNGLINGA

Íslandsmeistaramót barna og unglinga voru fjölmörg á árinu 2019 og áttu ÍR-ingar jafnframt marga fulltrúa á þeim mótum. Alls sendu ÍR-ingar frá sér rúmlega 20 keppendur á hin ýmsu mót og var árangurinn oftar en ekki mjög glæsilegur.

KARATEFÓLK ÍR ÁRIÐ 2019

Tveir iðkendur hjá karatedeild voru tilnefnd sem fulltrúar á verðlaunakvöld íþróttafólks ÍR í lok árs 2019. Þau Aron Anh Ky Huynh og Trixie H. Paraiso fór sem fulltrúar sinnar deildar:
Trixie átti frábært keppnisár þar sem hún hreppti fimm sinnum verðlaun á mótum ársins og var stigahæst í sínum aldursflokki á uppskeruhátíð KAÍ.
Aron átti einnig frábært keppnisár og var valinn karatemaður ársins hjá KAÍ árið 2019.
Aron bar af öðrum samlöndum sínum hér á landi ásamt því að ná góðum árangri á erlendri grundu á hinum ýmsu karate-mótum. Svo fór að Aron var valinn íþróttakarl ársins hjá ÍR árið 2019 og er því sannarlega góð fyrirmynd annara karate-iðkenda hjá félaginu.

KEILUDEILD ÍR

STARFSÁRIÐ 2019- 2020

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 29. júní 2020

STARF STJÓRNAR

Starfandi stjórn keiludeildar ÍR tók við eftir síðasta aðalfund sem haldinn var 8. maí 2019. Stjórnin var þannig skipuð á starfsárinu: Sigríður Klemensdóttir var kjörin formaður á aðalfundi deildarinnar, Einar Már Björnsson var skipaður varaformaður, Halldóra Íris Ingvarsdóttir gjaldkeri, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir ritari, Daníel Ingi Gottskálksson var meðstjórnandi og Böðvar Már Böðvarsson og Svavar Þór Einarsson voru kjörnir varamenn.

Haldnir voru 8 formlegir stjórnarfundir á starfstímabilinu 2019 - 2020. Auk þess voru stjórnarmenn í samskiptum í síma, tölvupóstum og/eða á samfélagsmiðlum. Stjórnarmenn sækja ýmsa aðra fundi fyrir sem tengjast starfsemi og/eða mótahaldi deildarinnar og má þar til dæmis nefna fundi á vegum ÍR með formönnum og gjaldkerum deildanna, aðalfund, verðlaunahátíð ÍR og aðra tilfallandi fundi. Einnig eru fundir á vegum KLÍ, m.a. formannafund, ársþing KLÍ, fundir vegna húsnæðismála svo og fundir og fleiri viðburðir á vegum ÍBR, ÍTR og ÍSÍ.

ÖNNUR VERKEFNI ÍR KEILARA

Félagsmenn keiludeildar ÍR aðrir en stjórnarmenn koma að ýmsum verkefnum sem fulltrúar deildarinnar á hverju ári. Jóhann Ágúst Jóhannsson er nú að ljúka öðru ári sínu sem formaður Keilusambands Íslands, Hafþór Harðarson er varaformaður og Stefán Claessen er varamaður í stjórn. Þórarinn Már Þorbjörnsson er framkvæmdastjóri KLÍ og Jón Grímsson skoðunarmaður reikninga. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir tók við formennsku í mótanefnd KLÍ af Svavari Þór Einarssyni sem áfram vinnur fyrir nefndina auk formennsku í upplýsinganefnd. Hafþór Harðarson og Stefán Claessen eru í tækninefnd, Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir formaður foreldrafélags keiludeildar situr í unglinganefnd, Hörður Ingi Jóhannsson er fulltrúi í landsliðsnefnd og Þórhallur Hálfdánarson er kerfisstjóri KLÍ. Sigrún Guðmundsdóttir var áfram fulltrúi í búninganefnd ÍR.

Það kemur líka í hlutskipti stjórnar og annarra félagsmanna að vinna að og hafa umsjón með keilumótum á vegum KLÍ svo sem Íslandsmótum einstaklinga, para, tvímennings auk unglingamóta.

Í mótsstjórn RIG 2020 sátu Jóhann Ágúst Jóhannsson sem jafnframt er mótsstjóri, Þórarinn Már Þorbjörnsson, Sigríður Klemensdóttir, Einar Már Björnsson, Halldóra Íris Ingvarsdóttir og Svavar Þór Einarsson. Stefán Claessen vann að uppsetningu heimasíðu mótsins. Auk þessara aðila kom fjöldi annarra sjálfboðaliða að vinnu við mótið og má þar helsta telja Guðmund Kristófersson, Magnús S. Magnússon, Sigfús Viggósson, Báru Ágústsdóttur, Gunnar Ásgeirsson, Sigrúnu Guðmundsdóttur, Hafþór Harðarson og Hörð Inga Jóhannsson auk stjórnarmanna.
Jóhann Ágúst, Heiðar Rafn Sverrisson, Baldvin Berndsen og Sigríður tóku fjölda mynda af keppendum og fréttum var deilt á samfélagsmiðlum og birtust á Mbl.is. Jóhann Ágúst sá um beint streymi á vefnum frá riðlakeppni og úrslitakeppni, en úrslitakeppni 4 efstu keppendanna var síðan sýnd beint á aðalrás RÚV. Hörður Ingi sá þar um lýsingu ásamt Einari Erni íþróttafréttamanni RÚV. Að halda svona stórmót kostar gífurlega vinnu og færum við öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

HÚSNÆÐISMÁLIN

Í febrúar 2019 var tekin skóflustunga að nýju og glæsilegu fjölnota íþróttahúsi ÍR við Skógarsel sem nú er risið. Ennþá bindum við vonir við að í tengibyggingu sem reist verður milli nýja íþróttahússins og ÍR heimilisins verði aðstaða fyrir keilusal. Á síðasta ári voru haldnir nokkrir fundir vegna húsnæðismála keilufélaganna og meðal annars send áskorun til ÍTR. Jóhann Ágúst Jóhannsson hefur haft forystu um að leiða þessi mál bæði fyrir hönd KLÍ og deildarinnar en Ingigerður Guðmundsdóttir fyrir hönd ÍR.

STYRKIR TIL FÉLAGSMANNA

Félagsmenn keiludeildar ÍR eiga rétt á að fá einn Jako félagsbol og deildarspilarar einnig einn Jako liðsbol á kostnað deildarinnar á þriggja ára fresti. Keiludeildin styrkir einnig deildarspilara um 5.000 kr á ári til kaupa á keppnisbuxum.

Keiluhöllin selur árskort til keilara og styrkir keiludeildin félagsmenn til kaupa á kortunum.

Keiludeildin styrkir félagsmenn til að taka þátt í viðurkenndum keilumótum erlendis, bæði á einstaklingsmótum og í keppnisferðum með unglinga-, kvenna- og karlalandsliðum.

Keiludeild ÍR styrkir einnig félagsmenn til að afla sér þjálfaramenntunar bæði grunnnámskeið þjálfara á vegum ÍSÍ og sérhæfðra námskeiða í þjálfun keilara bæði innanlands og erlendis.

UMSÓKNIR UM STYRKI OG ÚTHLUTANIR

Keiludeildin fékk styrk frá Afrekssjóði ÍBR vegna þátttöku Ástrósar Pétursdóttur á Qubica AMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga í Las Vegas árið 2018 og styrk vegna Íslandsmeistaratitila liða í 1. deildum karla og kvennaliða 2019 hjá ÍR-PLS og ÍR-TT.

Keiludeildin hlaut styrki úr Verkefnasjóði ÍBR og ÍSÍ vegna ETBF þjálfaranámskeiða Jóhanns Ágústs Jóhannssonar og Þórarins Más Þorbjörnssonar og frá ÍBR vegna þjálfaranámskeið ÍSÍ fyrir Nönnu Hólm Davíðsdóttur.

Einnig hlaut keiludeildin styrki úr Ferðasjóði ÍBR vegna landsliðsverkefna félagsmanna bæði með ungmenna- og fullorðinslandsliðum.

Keiludeild ÍR hlaut styrk úr Magnúsarsjóði ÍR upp á 150.000 krónur vorið 2019. Styrkurinn var veittur til afreksmanna deildarinnar vegna þátttöku í Evrópumótaröð, Evrópumóti landsliða og Evrópumóti landsmeistara 2019: Einar Már Björnsson og Gunnar Þór Ásgeirsson.

BÚNINGAR KEILUDEILDAR OG KEILULIÐA ÍR

Aðalstjórn ÍR er með samning við heildverslunina Namo um Jako búninga fyrir allar sínar deildar. Allir félagsmenn keiludeildar ÍR eiga rétt á að fá einn Jako félagsbol og deildarspilarar einn Jako liðsbol á þriggja ára fresti. Félagsmenn og liðin geta síðan keypt aukaboli hjá Jako eða hjá öðrum aðila og látið merkja liðinu og/eða setja nöfn keppenda á bolina. Sjá vöruúrval á https://jakosport.is/

Keiludeildin styrkir einnig deildarspilara um 5.000 kr á ári til kaupa á keppnisbuxum. Deildin er með afslátt á buxum hjá Zo-on og FootJoy golfbuxum hjá ÍSAM.

KEILARAR ÍR 2019

Nanna Hólm Davíðsdóttir ÍR-SK og Gunnar Þór Ásgeirsson ÍR-PLS voru valin keilarar ársins 2019

Nanna varð Íslandsmeistari einstaklinga í keilu fyrsta sinn á ferlinum á árinu 2019 og keppti fyrir

Íslands hönd á Evrópubikarmóti einstaklinga ECC 2019 sem fram fór í Ankara í Tyrklandi í október 2019. Nanna keppti að sjálfsögðu á RIG mótinu í janúar 2019 og bætti sinn besta árangur í 1 til 6. leikjum og var örfáum pinnum frá því að tryggja sig áfram í keppni. Nanna varð Íslandsmeistari para 2017 og 2018 ásamt Einari Má Björnssyni, en þau höfnuðu í 4. sæti mótsins 2019. Nanna hóf keiluiðkun með Þór á Akureyri árið 2014, en gekk til liðs við lið ÍR-SK haustið 2017. Hún tryggði sér fljótlega eftir það sæti í kvennalandsliðinu í keilu og hefur keppt með liðinu undanfarin ár. Nanna hefur auk þess verið öflug í starfi innan deildarinnar og einnig sinnt keiluþjálfun í yngri flokkum.

Gunnar Þór varð Íslandsmeistari einstaklinga í keilu í fyrsta sinn á ferlinum á árinu 2019 og keppti fyrir Íslands hönd á Evrópubikarmóti einstaklinga ECC 2019 sem fram fór í Ankara í Tyrklandi í október 2019. Gunnar Þór spilaði til úrslita á RIG í janúar 2019 og endaði þar í 2. sæti og bætti sinn besta árangur í 4. og 5. leikjum. Gunnar Þór varð einnig í 3. sæti á Reykjavíkurmóti einstaklinga í september 2019. Með ÍR-PLS varð Gunnar Þór Íslandsmeistari liða 2019 og vann Meistarakeppni KLÍ annað árið í röð. Gunnar Þór varð einnig Íslandsmeistari í tvímenningi 2018 með Alexander Halldórssyni. Gunnar Þór byrjaði í keilu á árinu 2011, tók hröðum framförum og er nú með meðaltalshæstu leikmönnum landsins. Hann hefur átt sæti í karlalandsliðinu síðustu ár og keppti með liðinu á Evrópumóti karla í keilu EMC 2019. Gunnar Þór keppti einnig á nokkrum mótum á Evrópsku mótaröðinni og náði bestum árangri þegar hann varð í 28. sæti á Brunswick Eurochallenge sem er eitt af sterkustu mótunum á Evróputúrnum. Gunnar Þór hefur verið öflugur í starfi innan deildarinnar og hefur einnig verið fullrúi í nefndum á vegum Keilusambandsins á undanförnum árum.

Viðurkenningar til félaga í keiludeild ÍR 2019

Svavar Þór Einarsson fékk afhent silfurmerki ÍR á verðlaunahátíð ÍR í desember 2019. Svavar Þór hóf keiluiðkun árið 2012 og hefur alla tíð leikið undir merkjum keiludeildar ÍR. Hann hefur setið í stjórn Keiludeildar ÍR frá árinu 2014, sem meðstjórnandi, varaformaður og formaður árið 2018 – 2019 og nú sem varamaður. Svavar Þór er einnig formaður mótanefndar Keiludeildar ÍR og hefur setið í mótsstjórn RIG, keilumóts Reykjavíkurleikanna síðustu 5 árin. Svavar Þór sat í mótanefnd KLÍ á árunum 2015 – 2019 og var formaður nefndarinnar 2016 – 2019. Nú er hann formaður Upplýsinganefndar KLÍ og aðstoðar mótanefnd í verkefnum sínum.

HELSTI ÁRANGUR ÍR KEILARA Á ÁRINU 2019

Dags	Nafn	Flokkur	Mót	Sæti
07.04.19	Gunnar Þór Ásgeirsson Íslandsmót einstaklinga		Meistaraflokkur Íslandsmeistari	
07.04.19	Nanna Hólm Davíðsdóttir Íslandsmót einstaklinga		Meistaraflokkur Íslandsmeistari	
07.04.19	Ástrós Pétursdóttir 2. sæti	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga	
07.04.19	Stefán Claessen 3. sæti	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga	
26.02.19	Geirdís Hanna Kristjánsd Íslandsmót einstaklinga forgj.		Meistaraflokkur 2. sæti	
26.02.19	Sigurður Björn Bjarkason Íslandsmót einstaklinga forgj.		Meistaraflokkur 2. sæti	
26.02.19 forgj.	Svavar Þór Einarsson 3. Sæti	Meistaraflokkur	Íslandsmót einstaklinga	
03.02.19 2019	Hlynur Örn Ómarsson RIG meistari		Meistaraflokkur	RIG
03.02.19 2019	Gunnar Þór Ásgeirsson 2. sæti		Meistaraflokkur	RIG

19.05.19 Hafþór Harðarson Meistaraflokkur AMF mótaröðin 1. sæti
19.05.19 Andrés Páll Júlíusson Meistaraflokkur AMF mótaröðin 3. sæti
15.12.19 Gunnar Þór Ásgeirsson Meistaraflokkur AMF mótaröðin 2. sæti
15.12.19 Hafþór Harðarson Meistaraflokkur AMF mótaröðin 3. sæti

07.09.19 Brynjar Lúðvíksson Meistaraflokkur Opna Rvk mót m/forgj. ka 1. sæti
07.09.19 Ásgeir Henningsson Meistaraflokkur Opna Rvk mót m/forgj. ka 2. sæti
14.09.19 Stefán Claessen Meistaraflokkur Opna Rvk mótið Rvk. meistari
14.09.19 Gunnar Þór Ásgeirsson Meistaraflokkur Opna Rvk mótið 3. sæti

06.10.19 Hafþór Harðarson Meistaraflokkur Íslandsmót para Íslandsmeistari
06.10.19 Ástrós Pétursdóttir Meistaraflokkur Íslandsmót para 2.sæti
06.10.19 Guðný Gunnarsdóttir Meistaraflokkur Íslandsmót para 3.sæti
06.10.19 Arnar Sæbergsson Meistaraflokkur Íslandsmót para 3.sæti
24.11.19 Einar Már Björnsson Meistaraflokkur Íslandsmót Tvímenning Íslandsmeistari
24.11.19 Hafþór Harðarson Meistaraflokkur Íslandsmót Tvímenning Íslandsmeistari
24.11.19 Bjarni Páll Jakobsson Meistaraflokkur Íslandsmót Tvímenning 3. sæti

30.03.19 ÍR-TT Meistaraflokkur Íslandsmót liða 1.d.kvk Deildarmeistarar
30.03.19 ÍR-PLS Meistaraflokkur Íslandsmót liða 1.d.ka Deildarmeistarar
30.03.19 ÍR-Elding Meistaraflokkur Íslandsmót liða 2.d.kvk 1. sæti
30.03.19 ÍR-S Meistaraflokkur Íslandsmót liða 2.d.ka 1. sæti
30.03.19 ÍR-Broskarlar Meistaraflokkur Íslandsmót liða 2.d.ka 3. sæti
30.03.19 ÍR-Blikk Meistaraflokkur Íslandsmót liða 3.d.ka 1. sæti
30.03.19 ÍR-T Meistaraflokkur Íslandsmót liða 3.d.ka 2. sæti
30.03.19 ÍR-Land Meistaraflokkur Íslandsmót liða 3.d.ka 3. Sæti
30.03.19 Ástrós Pétursdóttir Hæsti leikur Íslandsmót liða 1.d.kvk 258
30.03.19 Linda Hrönn Magnúsd. Hæsta sería Íslandsmót liða 1.d.kvk 674
30.03.19 Ástrós Pétursdóttir Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 1.d.kvk 192
30.03.19 Ástrós Pétursdóttir Stigameistari Íslandsmót liða 1.d.kvk 0,88
30.03.19 Ástrós Pétursdóttir Felludrottning Íslandsmót liða 1.d.kvk 4,90
30.03.19 Nanna Hólm Davíðsd. Mestu framfarir Íslandsmót liða 1.d.kvk
30.03.19 ÍR-TT Stjörnuskjöldur Íslandsmót liða 1.d.kvk 226

30.03.19 ÍR-Buff Hæsta sería liðs Íslandsmót liða 1.d.kvk
1714
30.03.19 ÍR-Buff Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 1.d.kvk
170,1
30.03.19 Sara Bryndís Sverrisd. Hæsti leikur Íslandsmót liða
2.d.kvk 230
30.03.19 Ana Rita Andreas Gomes Hæsta meðaltal
Íslandsmót liða 2.d.kvk 157,4
30.03.19 ÍR-Píurnar Stjörnuskjöldur Íslandsmót liða 2.d.kvk
134
30.03.19 ÍR-Elding Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 2.d.kvk
152,9
30.03.19 Stefán Claessen Hæsti leikur Íslandsmót liða 1.d.ka
299
30.03.19 Stefán Claessen Hæsta sería Íslandsmót liða 1.d.ka
794
30.03.19 Einar Már Björnsson Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 1.d.ka
215,2
30.03.19 Einar Már Björnsson Fellukóngur Íslandsmót liða 1.d.ka
6,74
30.03.19 Einar Már Björnsson Stigameistari Íslandsmót liða 1.d.ka
0,76
30.03.19 ÍR-PLS Stjörnuskjöldur Íslandsmót liða 1.d.ka
315
30.03.19 ÍR-PLS Hæsta leikur liðs Íslandsmót liða 1.d.ka
781
30.03.19 ÍR-PLS Hæsta sería liðs Íslandsmót liða 1.d.ka
2181
30.03.19 ÍR-PLS Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 1.d.ka
208,4
30.03.19 Hlynur Örn Ómarsson Hæsti leikur Íslandsmót liða
2.d.ka 263
30.03.19 Hlynur Örn Ómarsson Hæsta sería Íslandsmót liða
2.d.ka 706
30.03.19 Hlynur Örn Ómarsson Hæsta meðaltal
Íslandsmót liða 2.d.ka 189,5
30.03.19 Hlynur Örn Ómarsson Fellukóngur Íslandsmót liða
2.d.ka 5,15
30.03.19 ÍR-S Stjörnuskjöldur Íslandsmót liða 2.d.ka
174
30.03.19 ÍR-S Hæsta leikur liðs Íslandsmót liða 2.d.ka
644
30.03.19 ÍR-S Hæsta sería liðs Íslandsmót liða 2.d.ka
1819
30.03.19 ÍR-S Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 2.d.ka
177,2
30.03.19 Brynjar Lúðvíksson Hæsta meðaltal Íslandsmót liða 3.d.ka
176,1
30.03.19 Ólafur J. Sólmundarson Fellukóngur Íslandsmót liða
3.d.ka 3,7
30.03.19 Brynjar Lúðvíksson Stigameistari Íslandsmót liða 3.d.ka
0,85
30.03.19 ÍR-Blikk Stjörnuskjöldur Íslandsmót liða 3.d.ka
175
30.03.19 ÍR-Blikk Hæsta leikur liðs Íslandsmót liða 3.d.ka
606
30.03.19 ÍR-Blikk Hæsta sería liðs Íslandsmót liða 3.d.ka

	1635			
30.03.19	ÍR-Blikk	Hæsta meðaltal	Íslandsmót liða 3.d.ka	
	159,3			
04.05.19	ÍR-TT	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða kvenna	
	Íslandsmeistarar			
04.05.19	ÍR-Buff	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða kvenna	
	2. sæti			
04.05.19	ÍR-PLS	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða karla	
	Íslandsmeistarar			
04.05.19	ÍR-KLS	Meistaraflokkur	Íslandsmót liða karla	2. sæti
28.04.19	ÍR-SK	Meistaraflokkur	Bikarkeppni KLÍ	2.
Sæti				
10.02.19	Elva Rós Hannesdóttir		Opinn flokkur	
	Íslandsmót unglinga	2. sæti		
10.02.19	Steinþór Máni Björnsson		Opinn flokkur	
	Íslandsmót unglinga	2. sæti		
10.02.19	Alexandra Kristjánsdóttir		Opinn flokkur	
	Íslandsmót unglinga	3. sæti		
10.02.19	Hinrik Óli Gunnarsson		Opinn flokkur	
	Íslandsmót unglinga	3. sæti		
10.02.19	Elva Rós Hannesdóttir		1. flokkur	Íslandsmót
unglinga	Íslandsmeistari			
10.02.19	Steinþór Máni Björnsson		1. flokkur	Íslandsmót
unglinga	Íslandsmeistari			
10.02.19	Adam Geir Baldursson		1. flokkur	Íslandsmót
unglinga	3. sæti			
10.02.19	Sara Bryndís Sverrisdóttir		2. flokkur	Íslandsmót
unglinga	Íslandsmeistari			
10.02.19	Hinrik Óli Gunnarsson		2. flokkur	Íslandsmót
unglinga	Íslandsmeistari			
10.02.19	Alexandra Kristjánsdóttir		2. flokkur	Íslandsmót
unglinga	2. sæti			
10.02.19	Hlynur Freyr Pétursson		2. flokkur	Íslandsmót
unglinga	2. sæti			
10.02.19	Hafdís Eva Laufdal Péturs		3. flokkur	Íslandsmót
unglinga	2. sæti			
10.02.19	Bárður Sigursson	3. flokkur	Íslandsmót unglinga	2. sæti
10.02.19	Sindri Már Einarsson	3. flokkur	Íslandsmót unglinga	3. sæti
27.04.19	ÍR-1	Unglingaflokkur	Íslandsmót unglingaliða	
	2. sæti			
27.04.19	ÍR-2	Unglingaflokkur	Íslandsmót unglingaliða	
	3. sæti			

Úrslit	Þorsteinn H. Kristinsson	1. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Elva Rós Hannesdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Sonja Líf Magnúsdóttir	2. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Steindór Máni Björnsson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Adam Geir Baldursson	2. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	3. sæti
	Hinrik Óli Gunnarsson	3. flokkur pilta	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Sara B. Sverrisdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	1. sæti
	Hafdís Eva Pétursdóttir	3. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
	Ásrún Rós Aðalsteinsdóttir	4. flokkur stúlkna	Meistarakeppni ungm.	2. sæti
11.05.19	Ástrós Pétursdóttir	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	1. sæti
	Sigríður Klemensdóttir	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	2. sæti
	G. Bára Ágústsdóttir	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR kvenna	3. sæti

Steindór Máni Björnsson	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	1. sæti
Þórarinn M. Þorbjörnss	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	2. sæti
Hlynur Örn Ómarsson	Meistaraflokkur	Meistaramót ÍR karla	3. sæti
Hlynur Freyr Pétursson	Forgjafaflokkur	Meistaramót ÍR	1. sæti
Guðmundur J. Kristófers	Forgjafarflokkur	Meistaramót ÍR	2. sæti
Bharat Singh	Forgjafarflokkur	Meistaramót ÍR	3. sæti

15.09.19	ÍR-PLS	Meistaraflokkur	Meistarakeppni karla	1. sæti
15.09.19	ÍR-TT	Meistaraflokkur	Meistarakeppni kvenna	2.sæti

Samtals unnu félagsmenn til 14 Íslandsmeistaratitla, 5 Meistaratitla, 2 Deildarmeistaratitla og 2 Reykjavíkurmeistaratitla á árinu. Auk þessara verðlauna voru sett fjölmörg met á árinu bæði formleg og persónuleg. Hafþór Harðarson bætti enn einum 300 leik í safnið 22. október 2019. Steindór Máni Björnsson bætti met í 1. flokki pilta þegar hann spilaði 536 í tveimur leikjum, 993 í fjórum leikjum, 1.186 í fimm leikjum og 1.408 í sex leikjum. Sara Bryndís Sverrisdóttir bætti eigið Íslandsmet í einum leik í 3. flokki stúlkna þegar hún spilaði 238, en hún átti fyrir metið í einum til sex leikjum í sama flokki. ÍR-PLS bætti met deildarliðs í tveimur leikjum þegar þeir spiluðu 1.486 28. janúar 2019.

MÓTAHALD KEILUDEILDAR ÍR Á ÁRINU 2019

Heldur hefur dregið úr mótahaldi á vegum keiludeildarinnar síðustu árin og er ástæðan fyrst og fremst aukinn kostnaður við brautarleigu auk þess sem sífellt reynist erfiðara að fá styrktaraðila og sjálfboðaliða til starfa við mótahald.

Pepsi Max mótin eru haldin flesta sunnudaga yfir keppnistímabilið og þar njótum við stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir. Hluti keiludeildar í þátttökugjaldinu rennur til afreksstarfs deildarinnar og skiptist afreksfólkið á að hafa umsjón með mótunum.

AMF og **RIG** mótin eru lang fyrirferðarmest í mótahaldi keiludeildarinnar á hverju ári.

Haustið 2019 var samstarfssamningur við Keiluhöllina Egilshöll vegna AMF mótaraðarinnar framlengdur um ár. Keiluhöllin mun því halda áfram að styrkja keppendur í efsta sæti karla og kvenna á mótaröðinni um kostnað við flug, gistingu og mótsgjald vegna þátttöku á árlegu QubicaAMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga ásamt ferðakostnaði þjálfara sem fer með keppendum.

Keilumót RIG 2019 fór fram dagana 26. janúar til 3. febrúar og sá Keiludeild ÍR um framkvæmd mótsins 11. árið í röð.

Hlynur Örn Ómarsson úr ÍR var RIG meistari 2019. Hlynur sigraði Gunnar Þór Ásgeirsson úr ÍR í úrslitum með einum pinna 234 gegn 233 og réðust úrslitin í síðasta kasti. Í undanúrslitum spiluðu þeir á móti Svíanum Mattias Möller, sem leiddi að lokinni forkeppni og Jóni Inga Ragnarssyni úr KFR. Jón Ingi endaði í 3. sæti en Möller hafnaði í 4. sæti. Efst kvenna varð Daria Pajak frá Pólandi en hún datt út í 8 manna úrslitum á móti Mattias Möller.
Efst íslenskra kvenna varð Dagný Edda Þórisdóttir úr KFR en hún tapaði fyrir Jesper Agerbo í 16 manna úrslitum. Jesper tapaði hins vegar fyrir Hlyni Erni í 8 manna úrslitunum.

Alls mættu tæplega 100 keilarar til keppni á þessu móti og þar af 34 erlendir keppendur frá sex löndum. Meðal erlendu keppendanna voru þrír keppendur af Amerísku atvinnumótaröð kvenna PWBA sem allar hafa unnið fjölmörg verðlaun og titla á ferlinum. Þetta voru þær Danielle McEwan USA sem hefur unnið fjölmörg risamót og HM titla, Tannya Roumimper frá Indónesíu sem vann meðal annars brons á HM kvenna í þrímenningi 2017 og Daria Pajak frá Pólandi sem var kjörin nýliði ársins 2017 í bandarísku atvinnumannadeildinni en það ár varð

hún í 2. sæti á US Open og hefur einnig unnið einn PWBA titil. Jesper Agerbo frá Danmörku sem sigraði RIG mótið 2018 kom með fjölda keppenda með sér en alls komu 29 Danir til landsins, þar af 17 keppendur, bæði konur og karlar. Þrír fullkomnir leikir náðust á mótinu og að auki féllu átta Íslandsmet.

AMF mótaröðin

AMF mótaröðin samanstendur af tveimur AMF mótum auk RIG mótsins og hljóta keppendur í efsta sæti karla og kvenna á mótaröðinni þátttökurétt á árlegu QubicaAMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga. Hafþór Harðarson ÍR og Dagný Edda Þórisdóttir KFR sigruðu AMF mótaröðina 2019 en vegna staðsetningar QubicaAMF World Cup heimsbikarmóti einstaklinga 2019 afsöluðu þau sér keppnisrétt á mótinu og völdu þess í stað að taka þátt í móti á Evrópsku mótaröðinni.

Páskamót ÍR var haldið 13. apríl 2019 og alls mættu 49 keppendur til leiks og kepptu í fjórum flokkum. Toppveitingar gáfu öll verðlaun í mótinu.

ÚTBREIÐSLA, KYNNING OG MIÐLUN

Heimasíða keiludeildarinnar er á heimasíðu ÍR www.ir.is/keila Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin og RIG mótið eru með síður á Facebook auk þess sem deildin er með lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keiluþjálfara, mótsstjórn RIG, æfingahópa keilukrakkanna og foreldra og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

Reglulega berast óskir til keiludeildarinnar um kynningar á keilu. Farið hefur verið með keiluteppi í Laugardalshöll á RIG og í ÍR heimilið á Breiðholtsdögum og Íþróttadegi Seljaskóla. Einnig hefur verið boðið upp á kynningu í Keiluhöllinni á Grafarvogsdögum. Þórarinn Már Þorbjörnsson og þjálfarar deildarinnar hafa séð um kynningarstarfið.

Í tengslum við komu atvinnu keilukvenna PWBA kvenna á RIG 2019 bauð keiludeildin keilukonum úr öllum keilufélögum upp á fyrirlestur með erlendu keppniskonunum. Markmiðið var að gefa íslenskum keilukonum kost á að hitta atvinnukonur í keilu og fræðast um líf þeirra, æfingar og keppni. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn og þetta framtak.

BARNA- OG UNGLINGASTARF OG ÞJÁLFARAMÁL

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi deildarinnar. Krakkarnir eru alltaf bæta árangur sinn og standa sig vel í keppni eins og sjá má á upptalningunni. Iðkendum hefur þó verið að fækka á milli ára og okkur er þröngur stakkur sniðinn varðandi fjármagn frá ÍTR og æfingatíma í Keiluhöllinni.

Æfingahópum er skipt upp í Grunn- og Framhaldshópa sem báðir æfa tvisvar sinnum í viku. Framhaldshópur æfir á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17 til 18:30 og grunnhópur á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17 til 18. Auk þess tekur deildin þátt verkefninu ÍR ungar fyrir 1. til 2. bekk barna í Breiðholti og fer sú kennsla fram í Undirheimum í Austurbergi á mánudögum og miðvikudögum.

Þjálfarar deildarinnar síðastliðið starfsár voru Stefán Claessen yfirþjálfari, Þórarinn Már Þorbjörnsson, Guðmundur Jóhann Kristófersson og Jóhann Ágúst Jóhannsson.

Í mars 2019 sóttu Jóhann Ágúst Jóhannsson og Þórarinn Már Þorbjörnsson námskeið ETBF Level 2 á vegum Evrópska keilusambandsins sem haldið var í Englandi. Allir þjálfara keiludeildar ÍR hafa í það minnsta lokið námskeiði ETBF Level 1, sem er grunnmenntun og Stefán Claessen yfirþjálfari hefur lokið námskeiði ETBF Level 3 vegna þjálfunar afrekskeilara og má þar með halda Level 1 námskeið.

Foreldrafélag keiludeildar ÍR var stofnað í byrjun árs 2019 en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni. Í stjórn félagsins eru Regína Laufdal Aðalsteinsdóttir, Guðbjörg Valdimarsdóttir, Halldóra Björk Þórarinsdóttir, Ásdís Richardsdóttir og Heiðrún Sigurðardóttir.

Síðustu árin hafa börn og unglingar deildarinnar farið til Dublin tekið þátt í keppni á Junior Irish Open. Í nóvember 2019 tóku 10 keppendur frá ÍR þátt í mótinu, Adam Geir Baldursson, Alexandra Kristjánsdóttir, Guðbjörn Joshua Guðbjörnsson, Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir, Hinrik Óli Gunnarsson, Hlynur Freyr Ómarsson, Sara Bryndís Sverrisdóttir, Steindór Máni Björnsson og Tristan Máni Nínuson. Fararstjóri og þjálfari var Þórarinn Már Þorbjörnsson og hefur hann ásamt foreldrum haft veg og vanda af skipulagningu ferðanna.

ÞJÁLFUN ÍR KEILARA

Undanfarin ár hefur keiludeildin boðið deildarspilurum upp á þjálfun um helgar þegar það eru lausar brautir. Hörður Ingi Jóhannsson sinnti því verkefni, en haustið 2019 tók Adam Pawl Blaszczak við þjálfuninni. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar. Vonandi verður framhald á þessu á næsta tímabili og keilarar duglegir að sækja þessar æfingar.

DEILDIN 2019 - 2020

Alls kepptu 127 deildarspilarar undir merkjum keiludeildar ÍR á árinu 2019.



Á keppnistímabilinu 2019 til 2020 voru 23 ÍR lið skráð til keppni á Íslandsmóti liða. Keiludeild ÍR sendi þar á meðal 5 af 8 liðum til keppni í 1. deild kvenna, ÍR-TT, ÍR-Buff, ÍR-SK, ÍR-Eldingu og ÍR BK. Einnig voru 4 af 8 liðum í 2. deild kvenna frá ÍR, ÍR-Píurnar, ÍR-N, ÍR-BK2 og ÍR-KK. Í karladeildunum voru 5 af 10 liðum í 1. deild karla frá ÍR, ÍR-PLS, ÍR-S, ÍR-KLS, ÍR-L og ÍR-Fagmaður, ÍR á 6 af 10 liðum í 2. deild karla, ÍR-A, ÍR-Broskarlar, ÍR-Naddóður, ÍR-Blikk, ÍR-T og ÍR-Keila.is og að lokum 3 af 7 karlaliðum í 3. Deild karla, ÍR-NAS, ÍR-Land og ÍR-Gaurar. Upplýsingar um liðin er að finna á heimasíðunni http://ir.is/keila/keilulid-ir/

Birgir Kristinsson tók myndir af öllum deildarliðum keiludeildar ÍR og má finna þær á síðum liðanna á heimasíðunni og í myndasafni Facebook síðu. Kunnum við Birgi bestu þakkir fyrir frábærar myndir.

LANDSLIÐSVERKEFNI 2019

Karlalandsliðið keppti á Evrópumóti karla í keilu EMC sem fram fór í Munchen í Þýskalandi í júní 2019. Þrír af sex keppendum komu úr ÍR, Andrés Páll Júlíusson, Einar Már Björnsson og Gunnar Þór

Ásgeirsson. Andrés Páll náði bestum árangri keppenda og tryggði sér sæti í Masterkeppni mótsins og endaði í 22. sæti af 187 keppendum.

Einnig fór landsliðshópurkarla í æfingaferð til Höganes í Svíþjóð og keppt á móti í Odense í Danmörku sem er hluti af Evrópumótaröðinni.

Ungmennalandsliðið keppti á boðsmóti í Doha í Qatar í febrúar 2019. Fimm af átta keppendum hópsins komu úr ÍR, þau Steindór Máni Björnsson, Hinrik Óli Gunnarsson Sara Bryndís Sverrisdóttir, Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir og Elva Rós Hannesdóttir.

Einnig keppti ungmennalandsliðið á Evrópumóti unglinga sem fram fór í Vín í Austurríki í apríl 2019. Þar komu fjórir keppendur úr ÍR, þau Steindór Máni Björnsson, Sara Bryndís Sverrisdóttir, Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir og Elva Rós Hannesdóttir.

Kvennalandsliðið keppti á Evrópumóti kvenna EWC sem haldið var í Brussel í Belgíu í júní 2019. Fjórir af sex keppendum voru úr ÍR, þær Ástrós Pétursdóttir, Bergþóra Rós Ólafsdóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Nanna Hólm Davíðsdóttir.

Fjórir keppendur frá ÍR kepptu á Evrópumót öldunga 50 ára og eldri sem fram fór í Bologna á Ítalíu í júní 2019, Guðrún Bára Ágústsdóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Þórarinn Már Þorbjörnsson. Þar náðu þær Guðný Gunnarsdóttir og Linda Hrönn Magnúsdóttir þeim frábæra árangri að vinna til silfurverðlauna í tvímenningi.

Guðný, Linda Hrönn og Þórarinn Már kepptu síðan fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti öldunga 50 ára og eldri sem fram fór í Las Vegas í Bandaríkjunum í september 2019.

AÐ LOKUM

Á síðasta aðafundi tók ég við formennsku í deildinni af Svavari Þór Einarssyni sem lét af störfum eftir eitt ár sem formaður. Þetta ár hefur fyrir margra hluta sakir verið óvenjulegt bæði vegna ýmissa atvika sem komu upp á árinu, svo ekki sé talað um ástandið vegna veirunnar sem sett hefur allan heiminn á hliðina síðustu mánuðina og ekki er séð fyrir endann á. Við lifum svo sannarlega á fordæmalausum tímum og vonandi eigum við aldrei eftir að sjá slíkt ástand aftur. Vegna samkomubanns var öllum æfingum og mótahaldi í keilu eins og í öðrum íþróttum frestað eða fellt niður frá miðjum mars og út keppnistímabilið. Þar með talið eru Meistaramót ÍR og síðasta umferð AMF mótaraðarinnar og æfingar barna- og ungmenna sem reynt verður að setja á dagskrá um leið og aðstæður leyfa.

Fyrir hönd stjórnar keiludeildarinnar vil ég þakka öllum þeim sem fórnuðu tíma sínum til starfa fyrir deildina og keiluna á síðasta ári, en án sjálfboðaliða er ekki hægt að halda úti slíkri starfsemi. Við skorum á félaga í deildinni að gefa kost á sér í verkefni bæði fyrir deildina og sambandið og taka þannig þátt í að efla keiluna á Íslandi.

Fh. Stjórnar keiludeildar ÍR
Sigríður Klemensdóttir

Knattspyrnudeild ÍR

Ársskýrsla stjórnar 2019 - 2020.

Núverandi stjórn knattspyrnudeildar var kosin á aðalfundi deildarinnar 6.maí 2019. Á þeim fundi var Magnús Þór Jónsson endurkjörinn formaður deildarinnar og í stjórn voru kosin auk hans Matthías P.Einarsson sem var kjörinn gjaldkeri, Atli Guðjónsson, Auður Sólrún Ólafsdóttir og Trausti Björn Ríkharðsson.

Þessi hópur hefur borið hitann og þungann af starfi félagsins frá þeim tíma en þau hafa þó fengið dygga aðstoð þegar kemur að ákveðnum verkefnum. Sérstaklega er vert að nefna þá Hlyn Elísson sem hefur komið endurskipulagningu fjármála deildarinnar, Ísleif Gissurarson og Sigmann Þórðarson sem hafa starfað ötullega að umgjörð meistaraflokks karla og einnig Bjarna Pálsson sem sinnt hefur sama hlutverki hjá meistaraflokki kvenna.

Barna og unglingaráð

Barna- og unglingaráð hefur verið afar virkt og náð góðum árangri. Formaður þess er Guðmundur Axel Hansen, með honum eru í stjórn Þórarinn Alvar Þórarinsson, Linda Hrönn Gylfadóttir, Runólfur Þór Ágústsson, Hulda Brynjarsdóttir og Rúnar Guðnason.

Knattspyrnudeild ÍR hefur á undanförnum árum verið að ná sínum fyrri styrk. Sumarið 2019 lék 2.flokkur karla í Íslandsmóti og bikarkeppni í fyrsta sinn í um sex ára skeið, verulega stór áfangi á leið okkar að því að byggja félagið upp með því að styrkja innviðina. Með þátttöku flokksins vorum við með lið í öllum karlaflokkum og nú er stefnt á sama árangur stelpnamegin.

Iðkendur

Í 8.flokki barna æfa 36 iðkendur, strákar og stelpur undir stjórn Jóhanns Inga Jóhannssonar.

í 7.flokki karla æfa 41 iðkandi undir stjórn Sigfúsar Ómars Höskuldssonar. Í 7.flokki er stóra mótið Norðurálsmótið á Akranesi, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Hlynsmótinu í þessum aldursflokki. Vegna Covid19- faraldursins mun mótið fara fram haustið 2020 að þessu sinni. Að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 6.flokki karla æfa 44 iðkendur undir stjórn Egils Sigfússonar. Í 6.flokki er stóra mótið Orkumótið í Vestmannaeyjum, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Subwaymótinu í þessum aldursflokki sem verður eins og Hlynsmótið haldið haustið 2020 að þessu sinni. Að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 5.flokki karla æfa 55 iðkendur undir stjórn Stefáns Þórs Jónssonar, Jóns Ágústs Engilbertssonar og Hallgríms Heimissonar. Í 5.flokki er leikið í Íslands- og Reykjavíkurmótum auk þess sem farið er á N1-mótið á Akureyri.

í 4.flokki karla æfa 45 iðkendur undir stjórn Arnars Hallssonar og Sigmanns Þórðarsonar. Í 4.flokki er leikið í Íslands- og Reykjavíkurmótum.

í 3.flokki karla æfa 20 iðkendur undir stjórn Sigmanns Þórðarsonar og Dragi Pavlov. Stærstu verkefni 3.flokks eru í Íslandsmóti, Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti, auk þess sem verið er að horfa til þátttöku í ReyCup þetta sumarið.

Í 2.flokki karla æfa 23 iðkendur undir stjórn Tinna Kára Jóhannessonar og Dragi Pavlov. Stærstu verkefni flokksins eru í Íslandsmóti, Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti.

Stúlknamegin hefur verið gengið vel í því átaki að fjölga yngstu iðkendum og er nú kominn mjög traustur grunnur í starf yngri iðkenda kvenna megin sem horft er til að byggt verði á til framtíðar og skrefin tekin áfram á sama hátt og tekist hefur undanfarin ár strákamegin. Það er vissulega verðugt verkefni en svo sannarlega eitt það mikilvægasta sem félagið stendur frammi fyrir, enda jafnréttisstefna deildarinnar ekki bara pappír á blaði heldur raunverulegur vilji til að staða kynjanna innan deildarinnar verði jöfn. Því ætlum við að ná árangri og þar þarf að byggja á öflugu starfi þeirra flokka sem starfa nú í félaginu.

í 7.flokki kvenna æfa 28 iðkendur undir stjórn Felix Woelfin. Í 7.flokki er stóra mótið Greifamótið á Akureyri og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 6.flokki kvenna æfa 34 iðkendur undir stjórn Ásgeirs Eiríkssonar. Í 6.flokki eru stóru mótin Króksmót og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

í 5.flokki kvenna æfa 34 iðkendur undir stjórn Egils Sigfússonar og Ásgeirs Þórs Eiríkssonar. 5.flokkur tekur þátt í Reykjavíkur- og Íslandsmótum en stóru verkefnin þetta árið verða þó Pæjumótið í Eyjum og Símamótið í Kópavogi. Gaman er frá því að segja að ÍR mun verða með fjögur lið á Pæjumóti sem er nýtt met innan félagsins, hið eldra er tvö lið!

ÍR sendir ekki lið til keppni í 4. og 3.flokki kvenna en nú þegar er hafin undirbúningsvinna við stofnun 4.flokks á næsta ári enda þá stór árgangur að ganga upp úr 5.flokki. Ætlunin er að skipulag þess starfs liggi fyrir í upphafi júlí 2020.

STARF INNAN DEILDARINNAR

Allt þetta starf er leitt af yfirþjálfara yngri flokka, Jóhannes Guðlaugssyni. Hann heldur utan um heildarstarfið, og markmiðasetningu auk þess að

hafa leitt verkefni sem ætlað er að styrkja þjálfun krakkanna enn frekar. Þar má nefna fundi sem hann stendur fyrir á meðal þjálfara og miða að öflugri samfellu í þjálfun innan félagsins auk þess að skipuleggja séræfingar eins og hlaupa- og markmannsþjálfun.

Meistaraflokkur karla tók þátt C-deild Íslandsmótsins sumarið 2019. Töluverður ágangur var í undirbúningi flokksins fyrir mótið í kjölfar breytinga í þjálfarahópnum stuttu fyrir mót og fór liðið hægt af stað undir stjórn þeirra Ásgeirs Arons Ásgeirssonar og Jóhannesar Guðlaugssonar. Var tekin ákvörðun þegar um þriðjungur var liðinn af mótinu að breyta um brag í þjálfarateyminu, Ásgeiri var sagt upp störfum og var því Jóhannes einn aðalþjálfari liðsins. Er leið á sumarið var Halldór Arnarsson ráðinn spilandi aðstoðarþjálfari liðsins og undir stjórn Jóa og Dóra endaði liðið í 7.sæti C-deildarinnar. Var sá árangur ákveðin vonbrigði en stefnan er áfram sú að taka markviss skref í að byggja liðið upp á iðkendum sem hafa farið í gegnum yngri flokka starf ÍR og ætlað er að lyfta merki félagsins hærra á næstu árum.

Í kjölfar mótsins var tekin ákvörðun að leita eftir frekara samstarfi við þá félaga og voru samningar við þá undirritaðir haustið 2019. Stefnan í meistaraflokki karla er skýr.
Til framtíðar er það stefna ÍR að vera stöðugt lið í næstefstu deild á og það á að verða vettvangur þeirra afreksmanna sem alast upp innan raða félagsins og góður verustaður leikmanna með metnað sem hafa alist upp í öðrum félögum.
Til styttri tíma litið þá eru markmið félagsins að ná sæti í næstefstu deild hið fyrsta. Langtímamarkmiðið er hins vegar aldrei of oft kveðið, það er að liðið nái árangri á „sjálfbæran hátt“ með kjarna leikmanna sem farið hafa í gegnum yngri flokka starf félagsins.

Mikil varnarbarátta fór fram í meistaraflokki kvenna á árinu 2019. Gríðarleg áföll urðu í leikmannahópnum haustið 2018 og lengi vel leit út fyrir að ekki tækist að senda lið í Inkassodeildina sumarið 2019. Með samhentu átaki stjórnar og þjálfaranna Sigurðar Þ. Sigurþórsson og Ásgeirs Eiríkssonar tókst þó að manna liðið stúlkum sem voru tilbúnar að leggja sig fram fyrir félagið.

Það verður að viðurkennast að verkefnið var býsna stórt og snemma ljóst að enginn möguleiki var á því að stelpurnar „lifðu af“ í samkeppni sterkrar deildarinnar og luku keppni í tíunda og neðsta sæti hennar og féllu í C-deildina. Það verður þó að skoðast í ljósi erfiðleikana sem voru miklir frá upphafi og í raun má segja að stór sigur hafi verið að ná að ljúka deildinni með nokkurri sæmd.

Í vetur hefur starf meistaraflokks kvenna verið til gagngerrar endurskoðunar og horft á uppbyggingu til framtíðar. Forgangsmál er að að tryggja starf flokksins til lengri tíma, óháð hvar í deild flokkurinn stendur og starfið veturinn 2019 – 2020 hefur miðast að því. Nú á vordögum var sett félagsmet þegar 22 leikmenn flokksins skrifuðu undir tveggja ára samninga við félagið og er það stórt skref í átt að því að spyrna okkur frá botninum á ný. Segja má að fyrsta áfanga í því markmiði að koma meistaraflokki kvenna á þær slóðir sem við ætlum, þær nákvæmlega sömu og hjá strákunum. Öflugt lið í næstefstu deild byggt á kjarna ÍR-stelpna.

Ef horft er yfir starf félagsins er ákveðinn mótbyr hjá meistaraflokkum félagsins sem báðir keppa nú í C-deild. Á sama hátt er sú staðreynd ekki sé starf í 4. og 3.flokki kvenna hjá félaginu nokkuð sem stingur í augun og ætlunin er að við færumst ofar á þessum sviðum á allra næstu árum.

Að öðru leyti var árangur yngri flokkanna sumarið 2019 var með ágætum. A-lið 5.flokks og 4.flokks karla komust í úrslitariðla og fjöldi iðkenda er enn á uppleið. Það er auðvitað stóra verkefnið og hliðarafurð þess er að fjölga sjálfboðaliðum enda er félagið að stækka. Bæði þegar kemur að því að vinna með flokkum sem og umgjörð alls sem viðkemur félaginu. Foreldraráð eru í hverjum flokki fyrir sig og ber að þakka þeirra störf af heilum hug. Þar fer fram hjartsláttur hvers flokks sem skilar miklu inn í starfið almennt og leiðir verkefni hvers aldursskeiðs vel. Með auknum leikjafjölda félagsins hefur dómaraverkefnum fjölgað mjög og á liðnum árum hafa verið haldin regluleg dómaranámskeið til að bregðast við því. Þar má þó

endalaust gera betur og með því draga úr álagi á þann hóp dómara sem vinna hjá félaginu. Það er ekki alltaf þakklátt starf að vera dómari og mjög mikilvægt að kröftuglega sé staðið á bak við þá einstaklinga sem þeim störfum sinna.

Þegar leið á árið 2019 varð stjórn félagsins ljóst að horfa þurfti til endurskoðunar þegar kemur að því að reka deildina. Þrátt fyrir að rekstrarkostnaður meistaraflokkanna á árinu 2019 hafi verið í algeru lágmarki ef litið er til samkeppnisaðila félagsins þá er ljóst að það fylgir töluverður kostnaður rekstri meistaraflokka. Á undanförnum árum hefur verulega dregið úr styrkjum frá fyrirtækjum í formi auglýsinga og er nú svo komið að einungis lítill hluti tekna deildarinnar koma frá þeim aðilum og við því er bara hægt að bregðast á einn veg, finna aðrar fjáraflanir í þeirra stað. Á liðnu hausti tókst samstarf við handknattleiks og körfuknattleiksdeildir ÍR um Breiðholtsball sem tókst vel. Á árinu 2019 tóku sjálfboðaliðar á vegum deildarinnar þátt í brautarvörslu þriggja stórra hlaupa í Reykjavík og reglulegar safnanir dúkkuðu upp yfir árið. Snemma á árinu 2020 var svo kótilettukvöld verkefni í samstarfi við handknattleiksdeild og á sama tíma bættist í netverslun deildarinnar heilmikil eggjasala, allt með það að marki að treysta fjárhagslegan grundvöll deildarinnar.

Á árinu 2020 hafa einnig komið inn tvö stór fjáröflunarverkefni. Annars vegar var þar um að ræða valkröfur sem mikill fjöldi öflugra stuðningsmanna ákvað að greiða í heimabönkum sínum og síðar fór í gang Facebookleikur á tíma Covid19 veiruviðbragða sem styrkti starf deildarinnar verulega. Ætlunin er að gera átak í því að styrkja enn frekar þau bönd sem urðu þarna til og um leið styrkja umgjörðina um knattspyrnuna í Breiðholti og með því styrkja samfélagið þar allt. Þar liggur stór sproti vonar.

Framtíðarsýn

Horfa þarf til þess að knattspyrnudeild ÍR er heildarmynd en ekki samsett í hlutum. Yngri flokka starf og starfsemi meistaraflokka þarf að vinna saman, það styrkir starf hvors arms fyrir sig. Stilla þarf saman strengi og horfa til þess að með því verður félagið mun líklegra til frekari afreka.

Á síðasta aðalfundi voru tilkynntir þeir meginþræðir sem stjórn hugðist vinna eftir, fimm punktar sem ætlunin var að vinna eftir:

- Standa vörð um þann árangur sem náðst hefur í iðkendafjölda og árangri yngri flokka karlamegin hjá félaginu og byggja enn frekar þar ofan á.
- Sérstakt átak þarf að fara í gang til að fjölga iðkendum yngri flokka kvenna.
- Styrkja þarf fjárhagsgrundvöll meistaraflokka félagsins og laga skuldastöðu.
- Horfa til þess að meistaraflokkar félagsins verði sýnilegir afreksíþróttaflokkar.
- Fjölga höndum til verka fyrir félagið og styrkja sameiginlegan vettvang.

Það er mat stjórnar að mörgu leyti hafi vel heppnast, sérstaklega í fyrstu þremur punktunum. Þegar horft er til síðari tveggja hlutanna eru sterkar vísbendingar um að raðirnar séu að þéttast og allar leiðir liggi uppávið. Að því sögðu eru ítrekaðar þakkir til allra þeirra sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar frá aðalfundi 2019. ÍR mun alltaf standa og falla með

þeim hópi sjálfboðaliða sem eru reiðubúnir að berjast fyrir framgangi félagsins og síðan þeim hópi þjálfara og iðkenda sem bera merki félagsins á æfingum og í keppnum á þess vegum.
ÍR á fjölmörg tækifæri og möguleikarnir eru endalausir, ….ef við saman berum til þess gæfu að styrkja alla okkar þætti þá er ekkert sem við eigum að hræðast!

Áfram ÍR!!!!!

Magnús Þór Jónsson, formaður knattspyrnudeildar.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2019 – 2020

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR á tímabilinu 2017-2018 var þannig skipuð: Formaður Guðni Fannar Carrico, Elvar Guðmundsson varaformaður, Haukur Þór Haraldsson, gjaldkeri, Hilmar Sigurjónsson, Birgir Lúðvíksson, Steinar Þór Guðjónsson og Pétur Hólmsteinsson.

Meistaraflokksráð karla :
Herbert Arnarson, Hjálmar Sigurþórsson, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Gísli Hallsson, Guðmundur Óli Björgvinsson , Sveinbjörn Claessen

Meistaraflokksráð kvenna:
Fríða Torfadóttir

Unglingaráð skipuðu:
Davíð Hansson Wíum formaður, Haukur Þór Haraldsson, Þorsteinn Ingi Garðarsson, Davíð Bjarnason, Vera Antonsdóttir

STARFSEMIN:

Stjórnin hittist annað slagið á fundum þegar þurfa þótti en að öðru leyti fóru samskipti stjórnar fram í gegnum síma, tölvupósta osfrv.

BÚNINGAMÁL:

KKD ÍR spilaði undir merkjum Jako fimmta árið í röð. Samningur ÍR og Jako nær til allra deilda félagsins. Jako sér einnig um sölu á öllum keppnisbúningum til yngri flokka félagsins.

FJÁRMÁL:

Fjármál deildarinnar og útgjaldaliðir hafa vaxið og aukist milli ára. Aðal ástæða þess er aukin fjöldi erlendra leikmanna. Því hefur mikið mætt á meistaraflokksráði karla við öflun nýrra styrktaraðila. Meistaraflokksráð ásamt gjaldkera hafa unnið frábært starf og eiga mikið hrós skilið. Erfiðleikar af völdum Covid 19 hafa þó sett strik í reikninginn þar sem tekjur til deildarinnar stöðvuðust alfarið í upphafi ástands. Það mun reynast erfitt að loka tímabilinu og bíður deildin eftir úthlutun styrkja í von um að brúa það bil.

Seldar voru vörur á tímabilinu auk ýmissa annarra fjáröflunarverkefna. Unnið hefur verið síðustu mánuði að vefsvæði sem mun auka aðgengi að söluvörum og halda betur utan um komandi fjáraflanir.

Aðalstyrkaraðilar deildarinnar eru þeir sömu og undanfarin ár. Helstu stuðningsaðilar deildarinnar eru Hertz, Alvogen,Nettó, Tryggingamiðstöðin, Subway, Byko, Landslög, og Lagastoð ásamt örðum góðum fyrirtækjum. Aðkoma styrktaraðila deildarinnar er forsenda þess að geta haldið uppi metnaðarfullu starfi hjá Körfuknattleiksdeild ÍR.

MEISTARAFLOKKUR KARLA:

Þjálfari var Borche Illievski Sansa og honum til aðstoðar voru Sveinbjörn Claessen og Eggert Maríuson.

Leikmannahópurinn gjörbreyttist frá því á síðasta tímabili þar sem fjöldi mikilvægra leikmanna yfirgaf liðið. Mikil vinna fór í að setja saman nýtt lið sem gæti haldið uppi heiðri síðustu ára og gekk það með ágætum.

Liðið sat í 6. sæti deildarinnar þegar mótið var blásið af vegna Covid-19.

Mikil framför og batamerki voru á leik liðsins þegar leið á tímabilið og því tilhlökkun mikil fyrir úrlsitakeppni sem því miður aldrei kom.

Fyrir komandi tímabil mun Borche Illievski halda áfram með liðið og honum til handar verður Kristjana Eir Jónsdóttir.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA:

Þjálfari var Ólafur Jónas Sigurðsson og aðstoðarþjálfari Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Liðið hefur náð ótrúlegum árangri á síðustu þremur árum og eiga þjálfarar liðsins ásamt leikmönnum mikið hrós skilið. Liðið sat í 2. sæti í 1.deild kvenna þegar mótið var blásið af vegna Covid 19.

Það er mat okkar og annara að ef ekki væri fyrir Covid ætti KKD ÍR tvö lið í efstu deild á komandi tímabili. Það verður að teljast frábær árangur ef miðað er við þann stutta tíma frá endurvakningu deildarinnar.

Fyrir komandi tímabil hefur Ísak Máni Wium verið ráðinn þjálfari og honum til handar verður Birgir Lúðvíksson. Einnig hefur verið samið við megnið af kjarna liðsins um að leika áfram með liðinu.

YNGRI -FLOKKAR:

Yngriflokkastarfið hefur gengið vel þessu ári.

Alls eru um 150 iðkendur sem er rúmlega 45% aukning á síðustu 5 árum en 10% minna en í fyrra.

Flestir árgangar eru vel mannaðir og nánast allir með 10+ iðkendur og jafnvel með 2 lið skráð á Íslandsmóti.

Sex strákar voru í lokaæfingahópum yngri landsliðana og 2005 árgangurinn var á leið á Scania Cup.

Handbók körfuknattleiksdeildar sem miðar að yngri flokkum kemur út í lok sumars og er það innspýting í stefnumótun félagsins.
Helst stendur yngriflokkastarfinu fyrir þrifum of lítið pláss í íþróttahúsum. Með fjölgun iðkenda í yngri flokkum og stofnun kvennadeildar þrengist um deildina í þeim húsum sem ÍR hefur haft til umráða. Vonumst við til að við getum fengið meiri tíma í húsum á næsta ári og bíðum með óþreyju eftir nýju parkethúsi við Skógarsel.

Við héldum hið árlega Nettómót ÍR fyrstu helgina í desember. Skráning var um 300 iðkendur á aldrinum 6-10 ára sem er fjölgun á milli ára. Leikmenn meistaraflokks, drengjaflokks og unglingaflokks sáu um dómgæslu á mótinu auk þess komu sjálfboðaliðar deildarinnar og hjálpuðu til við framkvæmd mótsins. Þátttaka sjálfboðaliða ríður baggamuninn og gerir okkur kleift að halda mót af þessari stærðargráðu.

Rekstur körfuknattleiksdeildar ÍR hefur gengið vel framan af eins og undanfarin ár. Af völdum Covid 19 hefur deildinni ekki tekist að ljúka öllum skuldbindingum eins og síðustu ár.Eins og fram kemur að ofan í skýrslunni stólar deildin á þá styrki sem úthlutað verður til þess að loka tímabilinu. Óhætt er að segja að þetta tímabil hafi ekki verið áfallalaust en þegar litið er um öxl og tímabilið gert upp getum við verið stoltir af þeim árangri sem náðist í ár. Verkefni næstu vikna er að halda þeim öfluga kjarna leikmanna sem voru í liðinu síðasta tímabil og styrkja hópinn til þess að halda áfram stöðugri uppbyggingu stórveldisins.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hjálpuðu til í starfinu í vetur með von um farsælt samstarf á næsta ári.

Það er mikill kraftur í starfinu eins og fram hefur komið hér að ofan og mikilvægt að vel sé haldið á spilum og horft fram á veginn. Framtíðin er björt.

Guðni Fannar Carrico, formaður Körfuknattleiksdeildar ÍR.

SKÍÐADEILD ÍR –

STARFSSKÝRSLA 2019-20

AÐALFUNDUR OG SKIPAN STJÓRNAR

Aðalfundur skíðadeildar fyrir starfsárin 2019 - 2020 var haldinn í ÍR heimilinu, Skógarseli 13. maí 2020.

Í stjórn voru kjörin:

Formaður: Gísli Reynisson

Varaformaður: Sigrún Inga Kristinsdóttir

Ritari: Fríða Jónasdóttir

Gjaldkeri: Gunnlaug Gissurardóttir

Meðstjórnandi: Eiríkur Magnús Jensson

Varamenn: Rebekka Halldórsdóttir og Jón Kornelíus Magnússon

Fulltrúi ÍR í Skíðaráði Reykjavíkur er Sigrún Inga Kristinsdóttir og til vara Gísli Reynisson.

STARFSEMIN

Vetrarstarf vetrarins 2019-20 verður lengi í minnum haft vegna Covid-19 veirufaraldurins sem gekk yfir heimsbyggðina. Starfið byrjaði með hefðbundnu sniði með æfingaferðum elsta hópsins til Austurríkis. Nýliðun frá árinu á undan skilaði sér vel og hefur verið stöðugur vöxtur í iðkendafjölda deildarinnar undanfarin ár.

Við komumst strax á skíði í desember og var það fagnaðarefni. Starfsemin var komin á gott skrið í janúar og febrúar en fljótlega í mars þá stöðvuðust allar æfingar vegna Covid-19. Í framhaldinu datt botninn úr starfseminni.

Í maí fékkst aftur heimild til að vera með æfingar og náðust 9 góðar æfingar í framhaldinu sem verður vonandi til þess að við náum að halda iðkendum inni í sportinu en það hefur loðað við ef það er lélegur vetur þá kemur það niður að fjölda næsta vetrar á eftir.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Vísað er til ársreiknings deildarinnar.

ÞJÁLFUN VETURINN 2019-20

16 ÁRA OG ELDRI

Skíðadeild ÍR er í samstarfi við skíðadeildir Ármanns, Breiðabliks, KR, Fram og Víkings um þjálfun 16 ára og eldri undir merkjum Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks (SLRB) líkt og hefur verið undanfarin ár. SLRB heldur úti afar metnaðarfullu heilsárs prógrammi. Við vorum með 4 stelpur sem voru meira og minna í Evrópu frá byrjun september fram í mars þegar þær þurftu að koma heim vegna Covid.

Tveir erlendir þjálfarar hafa umsjón með þessum hóp, þeir Markó Spoljaric frá Serbíu og Patrik Dempsey frá Canada

14 -15 ÁRA

Þjálfari þessa hóps var Egill Ingi Jónsson en hann er félaginu vel kunnugur enda er hann uppalinn ÍR-ingur og var mikill fengur að fá hann inn í þjálfarteymi félagsins. Þrekæfingar voru í BootCamp til að styrkja sig fyrir veturinn. Hópurinn fór í byrjun janúar í æfingaferð til Noregs. Náðist að halda tvö Bikarmót og Faxaflóamót í svigi fyrir þennan hóp í vetur og áttum við keppendur á þeim öllum.

12 -13 ÁRA

Þjálfari þessa hóps var Jón Kornelíus. Þrekæfingar hófust um haustið í BootCamp. Hluti hópsins fór svo í æfingarferð til Noregs í byrjun janúar. Iðkendur tóku þátt á þeim mótum sem tókst að halda áður en öllu var slegið á frest vegna Covid í mars.

8 - 11 ÁRA

Þjálfarar voru Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, Ása Berg Sandholt og Kristinn Logi Auðunsson. Þrekæfingar byrjuðu í september. Þær voru að mestu utan dyra og í fimmleikahúsi Fjölnis í Norðlingaholti. Um leið og opnað var í Bláfjöllum hófust æfingar á snjó. Þessi hópur komst á Jónsmót á Dalvík og tók þátt í Faxaflóamóti í Bláfjöllum áður en öllu var slegið á frest.

7 ÁRA OG YNGRI

Þjálfarar voru þær Aníta Ýr Fjölnisdóttir, Catherine Van Pelt, Fanney Rún Jónsdóttir og Dagbjört Ósk Hreggviðsdóttir. Þetta er ansi fjölmennur hópur og fer stækkandi. Fyrir þennan aldur náðist að halda Hengilsleika í lok febrúar.

LANDSLIÐ

Sigríður Dröfn Auðunsdóttir var eini ÍR-ingurinn í landsliði þennan veturinn. Auk Sigríðar vann Vigdís Sveinbjörnsdóttir sér keppnisrétt á HM Unglinga sem fram átti að fara í Narvík í

Noregi í mars en mótinu var aflýst eftir fyrsta keppnisdag vegna Covid.

MÓTAHALD

Skíðadeildir ÍR og Víkings unnu sama að mótahaldi líkt og gert er með þjálfun. Þann 22. febrúar héldum við Faxaflóamót fyrir 9 ára og yngri. Rúmlega 150 þátttakendur voru á leikunum í blíðskapar veðri. Þá héldum við tvö Bikarmót SKÍ í svigi, þann 29. febrúar fyrir 16 ára og eldri með aðstoð SKRR og BBL Vegna aðstæðna þurftum við að flytja mótið í Skálafell en snjólaust var í Kóngsgilinu í Bláfjöllum fram á vetur. Ekki var meira um mótahald þetta árið vegna faraldursins.

ÍÞRÓTTAFÓLK SKÍÐADEILDARINNAR 2019

ÍÞRÓTTAKONA: SIGRÍÐUR DRÖFN AUÐUNSDÓTTIR

Sigríður Dröfn tryggði sér sæti í B landsliði Skíðasambandsins síðastliðið vor eftir góðan árangur vetrarins en hún varð Bikarmeistari SKÍ í flokki 18 – 20 og önnur í fullorðins flokki. Hún eyddi stórum hluta vetrarins við æfingar og keppni víðsvegar um Evrópu. Hefur hún verið meira og minna í Austurríki við æfingar síðan í byrjun september og stefnir að því að vera þar í vetur. Hún hefur lengi stefnt á að ná langt í íþróttinni og hefur mikinn metnað. Þess má geta að Sigríður Dröfn spilar auk þess fótbolta með meistaraflokki ÍR.

ÍÞRÓTTAMAÐUR: KRISTINN LOGI AUÐUNSSON

Kristinn Logi tók þátt í háskólamótaröðinni á vesturströnd Bandaríkjanna síðastliðin vetur, þar sem hann stundar háskólanám. Hann keppti á Heimsmeistaramótinu í Are í Svíþjóð í febrúar síðastliðnum. Kristinn hefur ávallt verið yngra skíðafólki góð fyrirmynd og hefur nú tekið að sér þjálfun í yngri flokkum skíðadeildarinnar

LOKAORÐ

Eftir erfiðan vetur þá er fullur hugur í deildinni að komast vel af stað aftur. Skipulag starfsins er á fullu og vonumst við til að starfið verði með hefðbundnu sniði næsta vetur. Covid er enn þá til staðar og því getur verið erfitt að skipuleggja starfið langt fram í tímann. Fjölskyldu og æfingaferð sem var fyrirhuguð í janúar næst komandi hefur verið frestað um ár vegna ástandsins. Skíðadeildin ætlar að sækja fram og halda áfram að fjölga iðkendum.

Samstarf við Skíðadeild Víkings hefur gengið vel og er grunnurinn að því öfluga starfi sem deildin heldur úti. Einnig er samstarfið í elsta flokknum mjög gott og þarf að tryggja að það samstarf haldi áfram. Öðruvísi náum við ekki að bjóða upp á það metnaðarfulla prógram sem hefur verið undanfarin ár.

Skíðadeildin á marga efnilega skíðamenn á öllum aldri og er deildin stolt af sínu frábæra íþróttafólki og lítur björtum augum á framtíðina.

Áfram ÍR

TAEKWONDODEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2020

AÐALFUNDUR 2020

Aðalfundur 2019 var haldinn 2. maí. Stjórn deildarinnar var svo skipuð fyrir starfsárið 2019-20
Formaður: **Jóhann V Gíslason** (hélt áfram)
Gjaldkeri: **Guðni Pálsson** (hélt áfram)
Meðstjórnandi: **Arnar Bragason** (hélt áfram)
Meðstjórnandi: **Loic Jacky Raymond M Letertre** (nýr)

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2019-20 gekk svipað og árið á undan. Iðkendafjöldinn jókst á haustönn og náði í fyrsta
skipti í mörg ár yfir 70. Féll niður í 55 á vorönn og er ekki hægt að kenna Covid-19s um. Áfram var
dreift auglýsingum við upphaf beggja anna og heldur það áfram að skila nýjum iðkendum.
Sem fyrr hélt Arnar Bragason aðalþjálfari áfram að vinna gott starf við uppbyggingu deildarinnar og
hvatningu iðkenda til keppnisþátttöku. Sama á við um Maríu G. Sveinbjörnsdóttur, en þau skipta
með sér þjálfuninni, tvær æfingar á viku undir stjórn Arnars og ein hjá Maríu.

Æfingargjöld voru hækkuð um haustið og eru nú 25.000 fyrir alla hópa. Er það gert til að standa
straum af auknum kostnaði vegna þjálfunar og kaupa á búnaði. Rekstrarafkoma deildarinnar er betri en
árið á undan en samt í mínus. Eiginfjárstaðan er góð en þörf er á sparnaði til að sporna við áframhaldandi halla.

Æfingarhóparnir eru sem fyrr þrír, 6-12 ára byrjendur/framhald og 13 ára og eldri.
Þátttaka á mótum var áfram góð og átti ÍR þátttakendur á öllum mótum landssambandsins og RIG. ÍR gekk vel í stigakeppni félaga á bikarmótaröð vetrarins en vegna Covid var seinasta bikarmótinu sleppt. Iðkendur frá ÍR tóku þátt í landsliðsæfingum í bæði bardag og tækni.

ÁRANGUR Á MÓTUM 2019-2020

RIG Flokkur

Olegas Trukanavicius	Cadet	B -	41 kg -	karla	Gull í bardaga
Sveinn Logi Birgisson	Junior -	A -	63kg -	karla	Silfur í bardaga
Zayd El Bouazzati		Cadet -	A -	45kg - karla	Silfur í bardaga

Íslandsmót í tækni

Ibtisam El Bouazzati	Junior -	A -	kvenna	Silfur í tækni	
Zayd El Bouazzati	Cadet -	A -	karla	Silfur í tækni	
Gabriel Kristjan Kristjansson	Grimm	Junior -	B -	karla	Gull í tækni
Olegas Trukanavicius	Cadet -	C -	karla	Gull í tækni	
Jakub Mikolaj Jablonski	Cadet -	C -	karla	Silfur í tækni	
Telma Hrönn Þrastardóttir	Senior undir 30 ára -	C -	kvenna	Silfur í tækni	

Íslandsmót í bardaga

Sveinn Logi Birgisson	Junior -	A -	63k - karla	Gull í bardaga
Mikael Nordquist	Junior -	A +	73kg - karla	Silfur í bardaga
Sadew Vidusha R. A. Desapriya	Cadet -	B -	37kg - karla	Silfur í bardaga
Olegas Trukanavicius	Cadet -	B -	45kg - karla	Silfur í bardaga

Taekwondo maður og kona ársins 2019 voru valin þau þau:
Sveinn Logi Birgisson og Aino-Katri Elina Karinen

Æfingaraðstaða deildarinnar er áfram aðþrengd vegna lyftingaraðstöðu í sama rými. Framkvæmdir við nýtt hús ganga vel og vonandi batnar plássið fyrir lok árs 2020.

Helstu verkefni næsta árs/ára eru aðstöðumálin, fjölgun fullorðinna iðkenda og virkjun fleiri iðkenda/aðstandenda til starfa fyrir deildina.

Fyrir hönd stjórnar
Jóhann V. Gíslason (formaður)
1. júlí 2020

MAGNÚSARSJÓÐUR

MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR

1. gr. Sjóðurinn heitir Magnúsarsjóður menntunar- og afrekssjóður Íþróttafélags Reykjavíkur en hann varð til með gjöf frá Magnúsi Þorgeirssyni ehf. í tilefni af 100 ára afmæli ÍR þann 11. mars 2007, en sjóðurinn er í vörslu aðalstjórnar ÍR.

2. gr. Markmið sjóðsins er að:
1. Veita afreksfólki í öllum deildum innan ÍR styrk vegna æfinga og/eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
2. Veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni sbr. 3. gr.
3. Veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum ÍR styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

3.gr. Úthlutun – skilyrði. Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið. Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn að hafi unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, eða vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun.

4. gr. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur aðilum, en það eru: Fulltrúi Magnúsar Þorgeirssonar ehf., gjaldkeri aðalstjórnar ÍR og framkvæmdastjóri ÍR. Verkefni stjórnar er að ákvarða styrkveitingar úr sjóðnum og hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga ásamt því að sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins í samvinnu við aðalstjórn ÍR. Stjórnarmenn sjóðsins skila árlegri skýrslu til aðalstjórnar ÍR og gera grein fyrir úthlutun sjóðsins.

5. gr. Stofnfé sjóðsins eru þrjár milljónir króna. En það er Magnús Þorgeirsson ehf. sem gefur eina milljón og tvær milljónir koma frá aðalstjórn ÍR. Tekjur af frístundakorti Reykjavíkurborgar til ÍR verða einnig notaðar í þetta verkefni en það er u.þ.b. ein milljón á ári.

Reykjavík 6. febrúar 2008

F.h. aðalstjórnar ÍR.
Hörður Heiðar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri ÍR
F.h. Magnúsar Þorgeirssonar ehf Leifur Magnússon stjórnarformaður.

SJÓÐURINN – SKIPAN OG FJÁRMAGN

Menntunar- og afrekssjóður ÍR er í vörslu aðalstjórnar að upphæð 3.000.000 kr. Sjóðurinn er styrktur er af afkomendum Magnúsar Þorgeirssonar en um samstarfsverkefni er að ræða. Tveir stjórnarmenn koma frá ÍR og einn frá afkomendum Magnúsar, kosnir til eins árs í senn. Reynt verður að fá styrktaraðila til að styrkja sjóðinn enn frekar og standa straum af kostnaðinum sem afreksstefnunni

fylgir. Tekið er við frjálsum framlögum á reikning 0115-15-380526, kt: 670169-1549. Einnig mun sjóðurinn eflast við ýmiskonar söfnunarfé og með sjóðnum skapast svo vaxtatekjur. Tekjur sem verða til vegna frístundakorts, sem rennur til aðalstjórnar ÍR, verða einnig notaðar í þetta verkefni.

MARKMIÐ SJÓÐSINS

Markmið sjóðsins er þverfaglegt, að fjármagna afreksstefnu ÍR, styrkja unga, efnilega og framúrskarandi ÍR -inga á aldrinum 14-22 ára til frekari þjálfunar og menntunar, skapa þeim toppaðstæður og rétta umgjörð sem og greiða leið þeirra aðila sem fara í keppnisferðir með landsliðum. Einnig að standa fyrir sameiginlegum þjálfunar og menntunarnámskeiðum innan félagsins, veita þjálfurum víðtæka aðstoð inn á æfingar og styrkja þjálfara á námskeið innanlands sem erlendis, allt til að gera góða þjálfara enn betri. Stuðningur við þjálfara til endurmenntunar er hvetjandi fyrir viðkomandi m.a. til að halda áfram vinnu sinni fyrir félagið.

KYNNING

Samantekt upplýsinga um sjóðinn verður inni á heimasíðu ÍR. Þar verður sérstaklega tekið fram hvenær sækja má um í sjóðinn og hvenær niðurstöðu megi vænta. Einnig verða þar sérstök eyðublöð sem skylt er að útfylla þegar sótt er um. Hægt er að sækja um í sjóðinn tvisvar sinnum á ári (apríl/október). Fyrst er hægt að sækja um í sjóðinn í september 2008. Stjórnum deilda er send tilkynning með góðum fyrirvara og hvattar til að sækja um fyrir iðkendur, þjálfara og nýjungar á sviði afreksíþrótta. Að loknu verkefni, uppgjöri og skýrsluskilum er styrkurinn greiddur. Fréttatilkynning mun vera send þegar úthlutanir úr sjóðnum liggja fyrir sem og annað fréttnæmt tengt afreksstefnunni.

HLUTI AF AFREKSSTEFNU ÍR ER EFTIRFARANDI:

- Sjá þjálfurum ÍR fyrir sem bestri aðstöðu til að ná framúrskarandi árangri með iðkendur sína í sinni grein.
- Sjá þjálfurum ÍR og þá iðkendum þeirra fyrir sérþjálfun reyndra fagþjálfara innan Frjálsíþróttadeildar ÍR, þar sem unnið er í líkamlegum þáttum s.s. styrk, samhæfingu, liðleika, hreyfimynstri, kraftþjálfun, úthaldsþjálfun, hlaupastíl og hraðaþjálfun, ásamt ráðgjöf og erindum í formi fyrirlestra. Hver deild sér um að útfæra ýmsa þætti sem lúta að tækni í viðkomandi íþróttagrein.
- Sjá iðkendum ÍR fyrir góðum mælingum á líkama en Gáski Sjúkraþjálfun framkvæmir slíkt gegn vægu gjaldi. Fengin er ítarleg mynd á líkamsástandi viðkomandi með t.a.m. göngugreiningu, hlaupagreiningu, liðleikamælingu, stökkkraftsmælingu, stöðugleikamælingu liðamóta bæði mekkaníska og stafræna og stöðu fótleggja og hryggjar. Einnig geta þjálfarar fengið erindi og verklega kennslu í fyrstu meðferð eftir bráð meiðsli, ökklatognunum, hnémeiðslum, ofþjálfun, vöðvatognunum og álagsmeiðslum og þá sérstaklega í nára og læri en þau eru hvað algengust.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og einstaklingsráðgjöf í íþróttasálfræði þar sem m.a. er farið í ákjósanlegt hugarástand fyrir keppni, undirbúning fyrir keppni, spennustjórnun, mikilvægi athygli og einbeitingar, notkun skynmynda, sjálfsskoðun, jákvæða hugarorku og hópefli. Haukur Ingi Guðnason íþróttasálfræðingur er með það að markmiði að kenna þjálfurum aðferðir sem þeir geta nýtt til að bæta frammistöðu iðkenda sinna.
- Sjá þjálfurum ÍR fyrir kennslu og ráðgjöf í næringarfræði þar sem farið er í almenna

næringarfræði, fræðslu um fæðubótarefni og fleira sem viðkemur réttu mataræði og uppbyggingu líkamans. Fríða Rún Þórðardóttir er næringarfræðingur ÍR.

ÚTHLUTUN – SKILYRÐI

Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið.
Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn a.m.k. að hafa unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Verður einnig tekið mið af lágmörkum einstakra sérsambanda, líkt og FRÍ er með, til að gæta jafnræðis og jafnvægis í vali einstaklinga. Iðkandi í hópíþrótt þarf a.m.k. að vera í æfingahópi meistaraflokks, helst að vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki. Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu og sýna mikinn áhuga og metnað á þjálfun. Eins og fram hefur komið er unnið þvert á félagið þannig að öllum deildum stendur til boða að taka þátt.

Lög Íþróttafélags Reykjavíkur

Samþykkt á aðalfundi ÍR 23. maí 2018

I. Nafn, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Íþróttafélag Reykjavíkur, skammstafað ÍR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Markmið félagsins eru meðal annars:
-Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.
-Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.
-Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.
-Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innganga nýrra deilda í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukaaðalfundi, sbr. 5. mgr. 8. gr.

3. gr.

Félagsmerkið er skammstöfunin með hvítum stöfum á bláum skildi. Nærri brún skjaldarins er hvít rönd. Blár litur merkisins er Pantone 286 C.

Hlutföll merkisins eru breidd á móti hæð 1 á móti 1,6, hlutföll gullins sniðs. Innbyrðis hlutföll einstakra litaflata eru einnig í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Hæð skjaldarins á móti bogformi í neðri hluta hans er í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Íhvolfur bogi efst í skildinum á móti samsíða hliðum hans deilist í hlutföllunum 1,4 á móti 1. Við félagsmerkið er deildum leyfilegt að bæta við sérmerki íþróttagreinar sinnar, sem þarf þó samþykki aðalstjórnar félagsins.

4. gr.

Aðallitir á búningum félagsins eru hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) og skulu búningarnir auðkenndir með merki félagsins.

5. gr.

Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í viðkomandi deild félagsins. Heimilt er að ganga í fleiri en eina deild. Enn fremur er heimilt að gerast félagi, án þess að vera skráður í sérstaka deild. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega deildarstjórn, eða aðalstjórn, ef félagi er ekki meðlimur deildar. Félagsmenn teljast félagsmenn þar til þeir sjálfir segja sig úr félaginu. Aðalstjórn getur þó vikið félagsmanni úr félaginu, sbr. 10. gr.

6. gr.

Árgjald félagsmanna, 18 ára og eldri, skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess og skal árgjald hvers greiðanda þess renna til þeirrar deildar sem hann er skráður í, en í aðalsjóð félagsins ef greiðandinn er ekki skráður í sérstaka deild.

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum iðkendum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

Greiðandur æfingagjalda skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds til félagsins. Heimilt er að ákveða á aðalfundi félagsins að aðrir, svo sem stjórnarmenn í félaginu og starfsmenn þess, séu undanþegnir greiðslu árgjalds.

Halda skal rafræna félagaskrá á vegum aðalstjórnar og skal hún vistuð með tryggum hætti.

II. Aðalfundur félagsins

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Til aðalfundar skal boða á tryggilegan hátt með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef minnst helmingur skráðra kjörinna fulltrúa samkvæmt kjörbréfi mætir. Hverri deild ber að skila kjörbréfum yfir fulltrúa sína við upphaf aðalfundar.

Aðalstjórn skal skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kjörinn sérstaklega og skriflega, ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákveðin árgjöld.
7. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn.
11. Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða, séu ekki önnur undantekningarákvæði í lögum þessum. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti. Að öðru leyti gilda almenn fundarsköp um framkvæmd aðalfundar félagsins.

8. gr.

Allir lögmætir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda, kjörnir á aðalfundum þeirra, einn fyrir hverja 50 félaga í deildinni, þó aldrei færri en einn og aldrei fleiri en sjö.
3. Kjörnir skoðunarmenn aðalreikninga félagsins.
4. Fyrrverandi formenn félagsins.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, þegar undan er skilið ákvæði um fasteignakaup, sölu og veðsetningu, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Aðalstjórn er skylt að halda aukaaðalfund félagsmanna, sem til skal boðað með sama hætti og aðalfundar, ef krafa um slíkt kemur fram frá meirihluta deildarstjórna, enda tilkynni þær um leið fundarefni það sem þær óska að rætt verði. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema þar fara ekki fram lagabreytingar og ekki heldur stjórnarkosning nema þess sé sérstaklega krafist af hálfu meirihluta deildarstjórna og þess sé getið í fundarboði. Auk þess getur aðalstjórn boðað til aukaaðalfundar án þess að krafa komi fram um það frá stjórnum deilda. Aðalstjórn er skylt að boða til aukaaðalfundar er stjórnin verður óstarfhæf, svo sem ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna hefur vikið úr stjórn.

9. gr.

Reikningsár félagsins og deilda skal vera almanaksárið og skulu reikningar hafa borist kjörnum skoðunarmönnum félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningar félagsins skulu vera aðgengilegir félagsmönnum í viku fyrir aðalfund.

III. Stjórn félagsins

10. gr.

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í stórum dráttum í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar trúnaðarmenn í nefndir félagsins og á vegum þess, nema þá sem um getur í 13. gr.

Aðalstjórn er heimilt að ráða starfsmenn til félagsins og starfrækja skrifstofu. Starfsmenn starfa í umboði aðalstjórnar að þeim verkefnum sem stjórnin felur þeim í samræmi við tilgang félagsins.

Aðalstjórn er heimilt að skipa sérnefndir til að starfa að tilteknum verkefnum. Slíkum nefndum skal ávallt sett erindisbréf sem kveður á um viðfangsefni, tímamörk, valdsvið og fjárheimildir. Starfstímabil nefndanna skal ekki vera lengra en fram að næsta aðalfundi félagsins, nema ný aðalstjórn ákveði að framlengja starfstíma þeirra. Á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skal aðalstjórn ákvarða hvort starfstími sitjandi nefnda skuli framlengdur.

Alla sjóði félagsins og peningaeignir skal ávaxta í banka, sparisjóði eða viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar, enda hafi Formannafélagið, sbr. 20. gr., gefið samþykki sitt.

Aðalstjórn einni er heimilt að víkja mönnum úr félaginu, telji hún að framkoma þeirra hafi verið vítaverð og félaginu til vansa. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta þeir sem vikið er úr félaginu ekki öðlast aðild að því aftur nema með samþykki aðalstjórnar.

Formaður boðar til stjórnarfunda eða felur öðrum að boða til þeirra í sínu umboði. Stjórn félagsins er ályktunarbær ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna er viðstaddur fund hennar, þó að því tilskyldu að fjögur atkvæði þarf að lágmarki til ályktunar.

11. gr.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Rita skal fundargerðir vegna funda aðalstjórnar og skulu þær varðveittar með tryggum hætti.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi með formönnum hinna einstöku deilda þegar tilefni gefst til og eigi sjaldnar en tvisvar á ári fundi með öllum formönnum deilda saman. Á fundum þessum skulu deildarformenn gefa skýrslu um starfsemi deildanna og stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi og áform á vegum félagsins.

12. gr.

Aðalstjórn félagsins er skylt að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda og er heimilt að krefja stjórnir deilda um rekstraryfirlit og greiðslustöðu þegar ástæða þykir til. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deilda. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan trúnaðarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar og getur komið með fyrirmæli um úrbætur ef þurfa þykir. Aðalstjórn skal að öðru leyti ákveða með hvaða hætti þessum ákvæðum verður framfylgt.

Allar mikilsháttar og verulegar fjárhagsskuldbindingar og samninga ásamt fjárhagsáætlunum skal bera undir samþykki aðalstjórnar. Verði misbrestur á þessu firrir félagið sig allri ábyrgð á skuldbindingunni og eru þá þeir einstaklingar sem hana framkvæmdu persónulega skuldbundnir. Aðalstjórn áskilur sér þá rétt til þess að hafa afskipti af stjórnun viðkomandi deildar. Aðalstjórn getur sett nánari reglur um þetta, þar sem meðal annars sé skilgreint hvaða fjárhagsskuldbindingar teljist mikilsháttar og verulegar og hvort þær veigamestu skuli jafnframt háðar samþykki aðalfundar félagsins.

IV. Aðalfundir deilda

13. gr.

Aðalfundi deilda skal halda fyrir marslok ár hvert. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir félagar deildarinnar sem orðnir eru 18 ára. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á tryggilegan hátt. Er hann lögmætur ef 15 skráðir félagar deildarinnar mæta, eða 50% þeirra, séu þeir færri en 30. Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi deildarinnar.
3. Lesnir og skýrðir rekstrar- og efnahagsreikningar fyrir síðasta almanaksár.
4. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Kosinn formaður.
6. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
7. Kosnir fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund félagsins.
8. Ákveðin æfingagjöld.
9. Önnur mál.

Almenn fundarsköp gilda um framkvæmd aðalfunda deilda.

14. gr.

Stjórn deildar skal skipuð fimm eða sjö einstaklingum. Skal formaður kjörinn sérstaklega og skriflega ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Stjórnin er kjörin til eins árs í senn. Þeir sem fá flest atkvæði ná kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist ekki niðurstaða þá ræður hlutkesti.

Deildarstjórn skal vinna að eflingu þeirrar íþróttagreinar, er deildin hefur verið stofnuð til, svo sem með því að kynna starfsemi deildarinnar og tryggja að upplýsingar um hana séu aðgengilegar.

15. gr.

Vanræki deild að halda aðalfund eða ef af einhverjum öðrum ástæðum tekst ekki að halda aðalfund fyrir tilskilinn tíma, sbr. 13. gr., skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins.

Ef stjórn deildar verður óstarfhæf að mati aðalstjórnar, til dæmis vegna þess að meirihluti stjórnarmanna hefur látið af störfum, er aðalstjórn heimilt að boða til aukaaðalfundar deildarinnar þar sem ný stjórn skal kjörin.

Ef viðamiklir annmarkar eru á stjórnun deildar að mati aðalstjórnar, svo sem ef fjármálastjórn er verulega ábótavant eða stjórn deildarinnar starfar ekki í samræmi við lög eða stefnu félagsins, er aðalstjórn heimilt að víkja stjórn viðkomandi deildar frá störfum. Skal aðalstjórn þá taka við störfum deildarstjórnar þar til hægt er að halda aukaaðalfund deildarinnar og kjósa nýja stjórn hennar. Við þessar aðstæður skal aðalstjórn boða til aukaaðalfundar deildarinnar svo fljótt sem verða má.

Aðalstjórn sér um framkvæmd funda sem haldnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og eru þeir þá lögmætir óháð því hversu margir félagar í deildinni mæta.

V. Stjórnir deilda

16. gr.

Stjórnir deilda hafa hver um sig sérstakan fjárhag, ráða íþróttakennara, þjálfara og starfsmenn og ákveða laun þeirra, annast daglegan rekstur deildanna, sjá um íþróttamót, er hverri grein heyra til, svo og þátttöku félaga í deildinni í mótum þeim, er ákveðin er þátttaka í. Deildir eru þannig sjálfstæðar, með þeim takmörkunum sem fram koma í öðrum ákvæðum laga þessara, svo sem 12. og 18. gr., og hafa tekjur af félagsgjöldum sínum, mótum þeim er þær halda, svo og eftir öðrum fjáröflunarleiðum, er deildarstjórnir ákveða í samráði við aðalstjórn félagsins.

Skrá skal upplýsingar um ársstarfið, fundi, keppnir og annað sem deildin tekur sér fyrir hendur. Skila skal starfsskýrslu deildar fyrir liðið almanaksár ásamt reikningum fyrir sama tímabil til stjórnar félagsins í mars ár hvert til birtingar í ársskýrslu félagsins.

Stjórnir deilda skulu gæta þess að allt sem framkvæmt er í nafni deildarinnar eða félagsins sé í samræmi við tilgang og markmið félagsins og að ekkert sé gert sem rýrir orðspor þess.

Samstarfssamningar deilda við önnur íþróttafélög eru háðir samþykki aðalstjórnar.

17. gr.

Halda skal rafræna skrá yfir alla félaga deildarinnar í samráði við aðalstjórn félagsins sem ber ábyrgð á félagatalinu, sbr. 6. gr.

18. gr.

Við rekstur deilda skal hafa ráðdeild að leiðarljósi og gæta þess vandlega að stofna ekki til fjárhagslegra skuldbindinga umfram það sem fjárhagsstaða deildarinnar leyfir og tekjur hennar geta staðið undir.

Uppgjörstímabil deilda miðast við almanaksárið.

Aðalstjórn skal setja deildum nánari reglur um fjárreiður, þar með talið um fjárhagsáætlanir, bókhald og uppgjör, og er stjórnum deilda skylt að fylgja þeim reglum. Um aðkomu aðalstjórnar að stjórnun einstakra deilda vísast að öðru leyti til 12. gr.

VI. Önnur ákvæði

19. gr.

Heiðursfélaga má kjósa og skal þeim afhent heiðursfélagaskjal og stórkross ÍR í stjörnu. Heiður þessi er sá æðsti er félagið veitir. Aðalstjórn félagsins kýs heiðursfélaga. Heiðursfélagar hafa öll réttindi félagsmanna, eru gjaldfríir, en verða að hafa náð fimmtugsaldri.

Eftirfarandi heiðursmerki má veita og skal þá fara eftir sömu reglum og gilda um kosningu heiðursfélaga að undanskildu ákvæði um að hafa náð fimmtugsaldri og því að vera gjaldfríir.

1. ÍR merki úr gulli, fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, svo og öðrum sem sérstök ástæða þykir til að heiðra.
2. ÍR merki úr silfri fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.
3. ÍR merki úr gulli með Ólympíuhringjum skal veita öllum félögum ÍR, sem þátt taka í keppni á Ólympíuleikum.
4. ÍR merki úr gulli, auðkennt viðkomandi keppni, skal veita þeim félögum ÍR, sem taka þátt í heimsmeistarakeppni hinna ýmsu íþróttagreina.

Heimilt er að veita hverri deild fyrir sig leyfi til að hafa eitt sérstakt heiðursmerki. Skal merkið og reglur fyrir veitingu þess, háð samþykki aðalstjórnar. Að öðru leyti hefur deildin öll umráð yfir veitingu þess.

Aðalstjórn getur sett verklagsreglur um veitingu þeirra viðurkenninga sem getið er um í þessari grein, þar á meðal um viðmið sem notast skuli við þegar heiðursfélagar eru valdir og gullmerki og silfurmerki eru veitt.

20. gr.

Formannafélag ÍR er skipað fyrrverandi formönnum og núverandi formanni félagsins. Félagið starfar sjálfstætt og setur sér eigin starfsreglur, nema þar sem til þess vísast á öðrum stað í lögum þess, sbr. 5. mgr. 10. gr.

21. gr.

Deildir verða ekki lagðar niður eða sameinaðar öðrum íþróttafélögum nema með samþykki aðalfundar félagsins eða sérstaks aukaaðalfundar, sbr. 5. mgr. 8. gr. Hætti íþróttadeild störfum, skal afhenda eignir og skjöl hennar aðalstjórninni. Taki deildin ekki aftur til starfa innan fimm ára, skulu eignirnar renna í sjóð aðalstjórnar félagsins. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

22. gr.

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki ¾ hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

Tillögur um lagabreytingar, sem óskast teknar fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist aðalstjórn fyrir 15. janúar ár hvert. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar stjórnum allra deilda innan félagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboði og skulu aðgengilegar félagsmönnum sjö dögum fyrir aðalfund.

23. gr.

Með þessum lögum eru öll eldri lög félagsins úr gildi fallin.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ÁRSREIKNINGAR ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR FYRIR ÁRIÐ 2019- 2020

Íþróttafélag Reykjavíkur

Ársreikningur 2019

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12
109 Reykjavík

kt. 670169-1549

Íþróttafélag Reykjavíkur

ÁRITUN STJÓRNAR

Við undirritaðir stjórnarmenn í aðalstjórn Íþróttafélags Reykjavíkur, staðfestum hér með ársreikninginn fyrir árið 2019

Reykjavík, 1. október 2020

Ingigerður Guðmundsdóttir, formaður

Arndís Ólafsdóttir, varaformaður

Reynir Leví Guðmundsson, gjaldkeri

Sigurður Albert Ármannsson, ritari

Kristín Steinunn Birgisdóttir, meðstjórnandi

Lísa Björg Ingvarsdóttir, meðstjórnandi

Rúnar Gísli Valdimarsson, meðstjórnandi

Reykjavík, 1. október 2020

Áritun endurskoðanda

Til aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur.

Ég hefi kannað meðfylgjandi ársreikning Íþróttafélags Reykjavíkur fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma sameinaðan rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi félagsins, ásamt ársreikningum allra deilda.
Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð mín felst í ályktun minni um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar
Könnun mín fólst í skoðun helstu gagna sem ársreikningurinn byggist á. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins, ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, og er því ekki víst að ég fái vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi læt ég álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun
Við könnun mína kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íþróttafélags Reykjavíkur á árinu, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ómar Kristjánsson,
endurskoðandi.

AÐALSTJÓRN

REKSTRARREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

	2019	2018
REKSTRARTEKJUR:		
Rekstrarstyrkir frá ÍBR	59.318.267	43.107.716
Rekstrarstyrkir ÍTR	71.397.584	65.728.101
Aðrir styrkir	4.101.515	8.563.338
Auglýsingar	0	408.750
Húsaleigutekjur og vallarleiga	3.571.645	3.981.150
Leigutekjur og malarnám Hellisheiði	6.950.888	6.192.241
Getraunir	268.859	44.444
Lottó tekjur	2.184.000	2.089.308
Aðrar tekjur	13.019.087	15.141.895
	160.811.845	145.256.943
REKSTRARGJÖLD:		
Styrkir til deilda:		
Aðrir styrkir	1.750.982	2.822.913
	1.750.982	2.822.913
Annar rekstrarkostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	108.204.496	92.118.617
Rekstur mannvirkja	24.785.129	30.186.265
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17.232.904	14.445.388
Námskeið og fræðsla	104.080	519.618
Annar kostnaður	7.795.035	5.653.265
	158.121.644	142.923.153
Rekstrargjöld alls	159.872.626	145.746.066
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	939.219	(489.123)
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):		
Vaxtatekjur	241.872	212.086
Vaxtagjöld og verðbætur	(563.457)	(145.974)
	(321.585)	66.112
HAGNAÐUR, (TAP) ÁRSINS	**617.634**	**(423.011)**

AÐALSTJÓRN

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

EIGNIR

	2019	2018
FASTAFJÁRMUNIR:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	196.505.185	196.505.185
Áhöld, tæki og innanstokksmunir	5.520.894	4.671.454
Fastafjármunir samtals	202.026.079	201.176.639
VELTUFJÁRMUNIR:		
Viðskiptakröfur	2.332.540	168.000
Kröfur á deildir	9.509.404	8.217.123
Handbært fé	10.341.232	17.722.437
Veltufjármunir samtals	22.183.176	26.107.560
EIGNIR ALLS	**224.209.255**	**227.284.199**

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

EIGIÐ FÉ:		
Yfirfært frá fyrra ári	204.917.552	205.340.563
Hagnaður, (tap) ársins	617.634	(423.011)
Óbundið eigið fé samtals	205.535.186	204.917.552
BUNDIÐ FÉ:		
Magnúsarsjóður, menntunar- og afrekssjóður ÍR	3.054.504	3.054.504
Eigið fé alls	208.589.690	207.972.056
SKAMMTÍMASKULDIR:		
Skuldir við deildir	4.052.229	5.157.499
Ógreiddur kostnaður	11.567.336	9.401.055
Aðrar skammtímaskuldir	0	4.753.589
Skammtímaskuldir samtals	15.619.565	19.312.143
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**224.209.255**	**227.284.199**